


Vestfirðir

Sumarið 2003



Ókeypis eintak



Hvers vegna ættirðu að ferðast um Vestfirði?

Flestir hafa farið hringveginn svokallaða (þjóðveg eitt), og margir oft. Vestfirðir eru utan þessa stóra hringvegar um landið en þar er annar hringvegur og ótrúlega stór. Ef sveigt er af þjóðvegi eitt

og farið vestur Dali og yfir Gilsfjarðarbrú, þar sem Vestfirðir hefjast, og síðan ekinn án útúrkróka hringurinn vestur til Barðastrandar, norður til Ísafjarðar, inn Djúp og yfir Steingrímsfjarðarheiði og

suður um Strandir, þá hafa verið eknir 686 kílómetrar þegar aftur er komið á þjóðveg eitt við Brú í Hrítafirði. Þetta er rúmlega helmingurinn af „stóra“ hringveginum, þjóðvegi eitt, sem er um 1339 kíló-

metrar.

En svo eru allir hinir vegirnir (jafnvel hringvegirnir) út frá hringnum sjálfum á Vestfjörðum. Til dæmis eru um tólf kílómetrar frá honum að safninu í Ósvör og fimmtán til Bolungarvíkur. Aðeins sjö kílómetrar til Flateyrar. En á öðrum svæðum eru miklu lengri leiðir þar sem ótalmargt er að sjá. Þannig er suðursvæði Vestfjarða heill heimur út af fyrir sig – Patreksfjörður, Tálknafjörður, Bíldudalur, Sauðlauksdalur, Hnjótur í Örylghöfn og sjálft Látrabjarg, svo fátt eitt sé nefnt.

Strandirnar norðan Hólmavíkur eru annar heimur, þar sem ekið er út af Vestfjarðahringvegi og norður í Ármeshrepp. Djúpvík, Trékyllisvík ... Hvernig væri að skreppa á Ingjaldssand? Eða verja vikutíma í Reykhólasveitinni?

Einn heimurinn enn, og ekki sá ómerkasti, er friðland Hornstranda. Þar eru engir bílar, engin vélknúin ökutæki. Þar er engin „traffík“ eins og uppi um allt miðhálandi landsins. Þar er meiri friður og kyrrð en nokkurs staðar annars staðar á Íslandi. Og þó að sífellt fleiri leggi leið sína í friðlandið og gangi þar um dögum saman, þá er svæðið svo gríðarstórt, að varla er hætt á því að rekast á nokkurn mann. Og kyrrðin er svo djúp og þögnin svo alger, að mörgum sem þangað koma finnst að þeir hafi

aldrei áður heyrt algera þögn. Hluti af þessari djúpu þögn eru hljóð náttúrunnar – báran í fjörunni, fuglakvakið, gagg tófunnar, selirnir sem stinga upp höfði og ávarpa ferðamenn ...

Vestfirðir verða ekki afgreiddir í einni heimsókn, í einu sumarfríi. Þeir eru ekki einn heimur utan við hringveginn sem allir þekkja og allir hafa farið. Þeir eru margir heimur. Vestfirðir eru landfræðilega nærfellt lausir við Ísland sjálft, eins og best sést á korti. Það munar minnstu að þeir séu eyja.

En þessi „næstum eyja“ er fjölbreyttari að náttúrufari og yfirleitt öllu sem Ísland hefur að bjóða (nema stóriðju) en nokkur annar landshluti. Sá sem hefur ekki ferðast um Vestfirði hefur ekki kynnst Íslandi nema að hluta.

Hin síðari ár hefur framboð á skipulagðri afþreyingu aukist mikið í fjórðungnum og ætti engum að leiðast að eyða fríinu sínu í faðmi fjalla í þröngum firði. Það borgar sig að fylgjast vel með hvað er að gerast á hverjum tíma og taka lifandi þátt í skemmtilegum atburðum, kynnast fólki og njóta lífsins með heimamönnum.

Til að slíkar skemmtanir fari ekki framhjá fólki er rétt að hafa samband við upplýsingamiðstöðvar ferðamála á Vestfjörðum eða fylgjast með fréttavefnum bb.is.

Ljósmynd: Rúnar Óli Karlsson.



ÍSAFJARÐARBÆR




Sumar, vetur, vor og haust
Whatever the season

Sundlaugar á Ísafirði, Flateyri, Suðureyri og Þingeyri

Swimming pools in Isafjordur, Flateyri, Sudureyri and Þingeyri

Vel búin fjaldsvæði á Ísafirði, Þingeyri og Flateyri

Modern camping sites in Isafjordur, Þingeyri and Flateyri



Hver sem ástæðan er
Whatever the reason

Upplýsingamiðstöðvar / information centres:
Ísafjörður: 458 5121
Þingeyri: 458 8304

www.vestfirdir.is
www.vestfjords.is



SAMKAUP

...gæði og ferskleiki!

SÍMI 456 5460


OPIÐ:

*mán-fös
kl. 9-21*

*laugard.
kl. 10-21*

*sunnud.
kl. 12-21*

VERIÐ VELKOMIN Í
VERSLUN OKKAR Í
HJARTA BÆJARINS



þjónusta og
þægindi í fyrirrúmi



Forsíðumyndin er tekin í
Breiðuvík í
Vestur - Barðastrandarsýslu
Ljósmyndari:
Rúnar Óli Karlsson.

Vestfirði

1. tbl. • 9. árg. • Júní 2003

Á FERÐ UM VESTFIRÐI
er fréttu- og þjónustu-
blað fyrir ferðafólk á leið
um Vestfirði. Blaðið
kemur út einu sinni
sumarið 2003. Upplagi
blaðsins er dreift
ókeypis um land allt.

Útgefandi: H-Prent ehf.,
Sólgötu 9, 400 Ísafirði,
sími 456 4560. Bréfasími
456 4564. Netfang:
bb@bb.is.

Veffang: www.bb.is/vf


Ritstjóri
og ábyrgðarmaður:
Sigurjón J. Sigurðsson.

Prentvinnsla:
H-Prent ehf.

Eftirprentun, hljóðrit-
un, notkun ljósmynda og
annars efnis er óheimil
nema heimild sé getið.

Velkomin til Vestfjarða

„Á ferð um Vestfirði“
hefur svo sannarlega sannað
gildi sitt þau átta ár sem
blaðið hefur verið gefið út.
Auka hefur þurft upplagt
þess við hverja prentun enda
hafa móttökurnar verið
framar björtustu vonum.
Það er von útgefenda að
blaðið verði sem flestum
ferðamönnum á leið um
Vestfirði til gagns og gamans
og að það vekji áhuga hjá
fleirum til að sækja þetta
stórkostlega landsvæði
heim. Þeim aðilum sem lagt
hafa blaðinu lið er þökkúð
samvinnan og sú ósk lögð
fram að hún verði ekki
síðri á næsta ári.
Vestfirðingar fagna hverjum
gesti sem kemur og taka vel
á móti þeim, enda er
ánægður ferðamaður besta
innleggið til frekari upp-
byggingar ferðapjónust-
unnar á svæðinu.
Þeim ferðamönnum sem
eiga leið um Vestfirði í
sumar, sem og um aðra
landshluta, er óskað
ánægjulegs ferðasumars
með von um slysalaust
ferðalag.
Verið velkomin til
Vestfjarða.



Ávarp

Sturlu Böðvarssonar samgönguráðherra

Það má segja að ferðamenn séu landkönnuðir og fáir
staðir á Íslandi því jafn spennandi og Vestfirðir. Mörg
svæði á Vestfjörðum eru fáfarin og lítt könnuð þó að í
þéttbýlinu sé mannlífið fjölskrúðugt.

Göngufólk, unnendur sögu, mannlífs og menningar –
allir finna eitthvað við sitt hæfi. Fjöllin beinlínis hrópa á
fólk að ganga á þau og sagan er geymd í frásögnum
fólks og minjum sem hlúð er að af kostgæfni.

Á liðnum áratug hefur ferðapjónusta á Vestfjörðum
tekið við sér svo að eftir hefur verið tekið. Allir hafa
lagst á eitt til að þessi mikilvæga atvinnugrein nái að
skjóta rötum. Gönguleiðir hafa verið merktar, kort gefin
út, söfn eflað og ný opnuð. Sundlaugum hefur fjölgað og
framboð gististaða stóraukist.

Allt er þetta til að gera ferðir fólks þægilegri, fróðlegri
og skemmtilegri. Til að þetta nýtist sem best ríður á að
tryggja góðar samgöngur, hvort sem er til og frá Vest-
fjörðum eða innan þeirra. Hér þykir mörgum Vestfirð-
ingum ekki nóg hafa verið gert enda vilja þeir gestum
sínnum aðeins það besta og eru sjálfir háðir greiðum
samgöngum árið um kring.

Ferðapjónusta byggir í auknum mæli á því að gestir
séu óháðir árstíma, þeir komi ekki aðeins um há-
sumarið. Þarna er því verk að vinna og verður því
markviss stefna stjórnvalda í vegamálum fjórðungsins
knúin áfram af miklu afli. Þó að vegirnir taki í auknum



mæli við hlutverki flugsamgangna er nauðsynlegt að
tryggja framtíð flugsins í þágu ferðapjónustunnar og
íbúa fjórðungsins. Að sama skapi er áhersla lögð á að
finna farsæla lausn á ferjusiglingum um Breiðafjörðinn.
Ég óska landsmönnum góðs ferðasumars og vona svo
sannarlega að ferð þeirra um Vestfirði verði þeim
ógleymanleg upplifun!

Sturla Böðvarsson



SUNDLAUGAR ÍSAFJARÐARBÆJAR

Almenningstímar sumarið 2003



Sundhöll Ísafjarðar

Sími 456 3200


Opnunartímar
frá 10. júní til 25. ágúst:
Mánudaga til föstudaga
frá kl. 07:00-21:00
Laugardaga og sunnudaga
frá kl. 10:00-16:00



Sundlaug Suðureyrar

Sími 456 6121

Opnunartímar
frá 1. júní til 25. ágúst:
Mánudaga til föstudaga
frá kl. 12:00 - 21:00
Laugardaga og sunnudaga
frá kl. 11:00 - 18:00



Sundhöll Flateyrar

Sími 456 7738

Opnunartímar
frá 1. júní til 25. ágúst:
Mánudaga til föstudaga
frá kl. 13:00 - 21:00
Laugardaga og sunnudaga
frá kl. 12:00 - 16:00



Sundlaug Þingeyrar

Sími 456 8375

Opnunartímar
frá 10. júní til 25. ágúst:
Mánudaga til föstudaga
frá kl. 07:45 - 21:00
Laugardaga
frá kl. 13:00 - 19:00
Sunnudaga
frá kl. 11:00 - 17:00

Verðskrá: Börn kr. 120 • Fullorðnir kr. 280 • 10 miða kort fyrir börn kr. 900 • 10 miða kort fyrir fullorðna kr. 2.300 • 30 miða kort fyrir börn kr. 2.200 • 30 miða kort fyrir fullorðna kr. 5.400. Ath! Ókeypis fyrir börn að skólaaldri (6 ára og yngri). Ath! Börn 8 ára og yngri þurfa að vera í fylgd með 14 ára og eldri.



SÚÐAVÍK

ÍSAFJÖRDUR

FLATEYRI

ÞINGEYRI

BÍLDUDALUR

TÁLKNAFJÖRDUR

PATREKSFJÖRDUR

KRÓKSFJARDARNES



Verið hjartanlega velkomið
♥

SPARISJÓÐUR

VESTFIRÐINGA

www.spvf.is



HÓFUDSTÓÐVAR  FJARDARGÖTU 2 470 ÞINGEYRI SÍMI 456 8119



Skemmtileg fimm daga gönguferð um Hornstrandir

Hornstrandir eru vissulega með sögufrægari og merkari landsvæðum hérlandis. Hver þúfa og hver steinn hefur sitt nafn og sína sögu. Það er afar skemmtilegt að fara um þetta svæði og upplifa sögurnar, sjá söguviðið og anda að sér blæ liðinna tíma í bland við fjallaloftið. Aðalvík, Hesteyri og Fljótavík eru með vinsælustu stöðum á svæðinu og gefst nú ferðamönnum að fara í fimm daga skipulagða gönguferð á þessa staði á fimm dögum í sumar frá 27.júní til 1.júlí.

Fyrsta daginn er siglt frá Ísafirði og lent á Sæbóli í Aðalvík. Þaðan er gengið upp að Staðarkirkju og framhjá Staðarvatni á leið til Hesteyrar. Í vatninu er sagt að búi nýkur, sem lítur út eins og hestur nema hvað hófarnir snúa öfugt. Nýkurinn reynir að fá fólk til að setjast á bak sér og þegar það lætur ginnast festist það á baki hans. Þá hleypur hann út í vatnið og eru margar sögur af mannsköðum af þessum völdum.

Gangan yfir til Hesteyrar tekur sex til sjö tíma og á leiðinni sést vel yfir í Leirufjörð en Drangajökull gnæfir þar yfir. Daginn eftir er gengið um Hesteyrina, kíkt inn á Stekkeyri eða út á Sléttu sem löngum var höfuðból. Þriðja dag ferðarinnar er farið upp í Lönguhlíðardal og yfir í Glúmsdal. Töluverð



Atlastaðir í Fljótavík.

hækkun er upp í skarðið en ætti ekki að reynast vonu göngufólki erfið. Auk þess er trússað með allan farangur í ferðinni.

Fljótavík er lítið annað en rísa-


stórt stöðuvatn þó að nokkurt undirlendi sé í botni vökurinnar sem kallað er Fljótbotn. Fiskgengd er mikil í vatninu og ber mest á silungi. Geirmundur heljarskinn, sá

er nam stóran hluta Hornstranda, sendi þræl sinn Atla til að halda bú fyrir sig í Fljóti og heitir þar síðan Atlastaðir. Nokkur sumarhús eru nú í Fljótavík og er fólk þar frá

því snemma á sumrin og langt fram eftir.

Gist er í vikinni og gengið næsta dag fyrir Kögur að Sygnahlein. Þaðan er stórfenglegt útsýni og hrikaleg náttúran fangar gestina hvernig sem veðrið er.

Fimmta og síðasta dag ferðarinnar er gengið upp Tungudal, yfir Tunguheiði og niður að Látrum í Aðalvík. Þar bíður bátur þess að flytja lúin bein ferðalanga til Ísafjarðar. Eins og fyrr segir er trússað með allan farangur og ættu því færri að veigra fyrir sér göngunni en ella. Nánari upplýsingar veita Vesturferðir í síma 456 5111.



Frá Hornströndum.



SÝSLUMAÐURINN Á ÍSAFIRÐI

Friðlandið á Hornströndum

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi reglum um friðlandið á Hornströndum:

1. Hvers kyns meðferð skotvopna er öllum bönnuð mánuðina júní til september nema að fenginni sérstakri heimild sýslumanns. Utan þess tíma er veiði einungis heimil landeigendum til hefðbundinna nytja.

2. Öll veiði, bæði fugla og fiska, er bönnuð án leyfis landeiganda, sem í hlut á.

3. Öll umferð vélknúinna ökutækja, þ.á.m. torfærutækja, snjósleða, fjórhjóla, dráttarvéla og jeppabifreiða, er bönnuð utan vega og merktra slóða.

4. Á tímabilinu 15. apríl til 15. júní ár hvert þarf að tilkynna Náttúruverndarráði um ferðalög í friðlandinu. Þetta ákvæði tekur þó ekki til ferða landeigenda.

5. Gangandi fólk er heimil för um svæðið. Þó er skylt að ganga þannig um að ekki sé spillt lífríki, jarðmyndunum og mannvirkjum.

Hafið fyrirhyggju í klæðaburði og ferðabúnaði, þar sem allra veðra er von.

Ísafirði, 10. febrúar 2003.
Sýslumaðurinn á Ísafirði,
Sigríður Björk Guðjónsdóttir.

Bíldudals grænar... síðustu helgina í júní

Arnfirðingahátíðin „Bíldudals grænar...“ er sumarhátíð sem haldin verður á Bíldudal síðustu helgina í júní. Fyrir hátíðinni standa Arnfirðingafélagið og félagasamtök á Bíldudal. Markmið hennar er að kynna þá fjölbreyttu tónlistar, leiklistar- og menningarstarfsemi sem Arnfirðingar eru þekktir fyrir. Einnig að eiga skemmtilegar stundir saman þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi, bæði börn og fullorðnir. Margt verður til gamans gert en öll dagskráratriði verða samin og flutt af Arnfirðingum.

Nafn hátíðarinnar vísar til vörumerkisins „Bíldudals“ sem allir þekktu í gamla daga. Þar á meðal voru hinar frægu Bíldudals grænar baunir. Hátíðin hefst fimmtudaginn 26. júní með golfmóti en næstu þrjá daga verða mjög margir og fjölbreyttir viðburðir, allt frá rútuförum, skrímslaferð og fjallgöngu til ljósmyndasýninga og íþróttamóts með þátttöku Völu Flosadóttur frá Bíldudal. Opnaður verður veitingastaðurinn Bíldudals Baccalà þar sem spænskir mat-

reiðslumenn töfra fram saltfiskrétti. Líklega er Bíldudals Baccalà elsta eða eitt af elstu vörumerkjum Íslandssögunar.


Ekki síst skal minnt á tónlistarsafn Jóns Kr. Ólafssonar söngvara, Melódiur minninganna, bókasafnið á Bíldudal þar sem skoða má minningarbók um þá sem fórust með Þormóði, og Bíldudalskirkju og þá listmuni sem tilheyra henni.

Dagskrá hátíðarinnar „Bíldudals grænar...“ má finna á vefnum www.arnfirdingur.is



Hafnarstræti 6, Ísafirði, sími 456 3990

Grillvörur - leikföng
Gasvörur - Hlíðarfatnaður
Góða ferð!



Lítið eða stórt, einfalt eða margbrotið
VÍS býður nú fjölbreyttari tryggingar
fyrir fjölskyldur og heimili
— og veitir þér alla afslætti strax

 Fjárfir	 Festa	 Kjarni	Heimilstrygging	Innbústrygging
Trygging á innbúi	Trygging á innbúi	Trygging á innbúi	Trygging á innbúi	Innbústrygging
Ábyrgðstrygging einstaklings	Ábyrgðstrygging einstaklings	Ábyrgðstrygging einstaklings	Ábyrgðstrygging einstaklings	Væð 6.000 kr. á ári eða 100 kr. á mánuði*
Máskulastofnstrygging	Máskulastofnstrygging	Máskulastofnstrygging	Væð 6.400 kr. á ári eða 107 kr. á mánuði*	
Félagsatvæðstrygging	Félagsatvæðstrygging	Félagsatvæðstrygging		
Færingsstrygging erlendis	Færingsstrygging erlendis	Væð 6.625 kr. á ári eða 110 kr. á mánuði*		
Spítalastofnan- og ferðafélagstrygging á ferðadögum erlendis	Spítalastofnan- og ferðafélagstrygging á ferðadögum erlendis			
Undirbústrygging barna	Væð 10.000 kr. á ári eða 1.667 kr. á mánuði*			Væð 10.000 kr. á ári eða 1.667 kr. á mánuði*
Væð kr. 17.940 á ári eða 1.495 kr. á mánuði*				Væð 10.000 kr. á ári eða 1.667 kr. á mánuði*

VÍS fjölskylduvæð


Fjölskylduþæfi eru með þessu máli en allir eiga það að sameiginlegt að þurfa tryggingu við hæfi. Til að koma til móts við mismunandi þarftir þúfur VÍS mjög breið úrval trygginga fyrir fjölskyldur og heimil, þar aflið enginn að vera ótryggtur. Hljústa áhorfin í þessum fjöðri er Festa, sem veitir viðtaka vinnu á heilbrigðum kjörum.

Það glóir einu hvort heimilið er lítið eða stórt, einfalt eða flóklegt blá í þessu fjöðri verðandi fyrir hvern og einn af til fjöðs kemur. Í þessu,

Festa, Kjarni, Heimilstrygging og Innbústrygging eru tryggingar atvæð einstaklingum og fjölskyldum. Bókavél fremrar tryggingar og lágtit eru mismunandi þarvög að allir ættu að geta fundið tryggingu við sitt hæfi. Hæðu sambæð við VÍS og við mættum með þér hvað þér þykir í þessu fjöðri.

Háttaluppþingir um tryggingarnar er að finna í fjöðri þessu.

Hljústa VÍS eru í þessu fjöðri í síma 560 5000 eða á vefbýðingunni vis.is.
Væðingunni þessu fjöðri, á síma 5.100 þessu fjöðri, www.vis.is



Hringdu í síma 560 5000
og fólur vinnu þessu um
fjöðri þessu fjöðri.



þar sem tryggingar
snúast um fóðri.



Skrúður í Dýrafirði.

Skrúður í Dýrafirði

Garðurinn Skrúður við norð-anverðan Dýrafjörð, rétt innan við Núpsskóla, er einn elsti og merkasti skrudgarður landsins og sjálfsagður viðkomustaður á ferð um þessar slóðir. Garður þessi er merkilegur fyrir ýmislegt fleira en gróðurinn sem þar getur að líta.

Séra Sigtryggur Guðlaugsson prófastur á Núpi réðst í gerð matjurta- og skrudgarðs í tengslum við ungmennaskólann að Núpi. Hann var langt á undan sinni samtíð en garðinn átti að nýta í kennslu í jurtafræði og garðrækt jafnframt því að venja nemendur á neyslu garðávaxta og sýna hvað getur þrífist í íslenskum jarðvegi.

Jurta- og trjágarðurinn Skrúður var formlega stofnaður 7. ágúst 1909, enda þótt upphaf hans megi rekja nokkur ár lengra aftur. Þessi dagur varð fyrir valinu vegna þess að þá voru liðin rétt 150 ár frá því að kartöflur voru fyrst settar niður á Vestfjörðum að undirlagi séra Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal.

Skrúður er eitt af undrum Vestfjarða, því að þar er að finna nokkur mjög sérstæð fyrirbæri.

Gosbrunnurinn er líklega einn fyrsti gosbrunnur á Íslandi og þótti mikið til hans koma þegar hann var upp á sitt besta. Haldnar voru sérstakar gossýningar þegar gesti bar að garði og gosstjórar voru þá synir Sigtryggs, stofnanda garðsins. Hægt var að skrúfa margvíslega stúta á og síðan var þrýstingi hleypt á.

Annað undur í Skrúði eru hvalkjálkarnir sem komu af einni stærstu langreyði sem Norðmenn veiddu og drógu að Höfðaodda, sem þeir kölluðu Framnes. Hvalkjálkarnir setja mjög sérstakan svip á garðinn.

Niðri í vesturhorni garðsins er lítil flöt sem Sigtryggur nefnir „Tjaldstæði“ á korti. Hér er væntanlega fyrsta skipulagða tjaldstæði á Íslandi. Þar fyrir innan er dvalarsvæði þar sem menn gátu teygt úr sér.

Í garðinum er að finna margar mjög sjaldgæfar plöntur en mest áberandi er Evrópulerkrétréð sem er líklega gróðursett árið 1910. Það virðist stöðugt vaxa og er fyrir löngu síðan orðið stærsta tré garðsins og geysilega umfangsmikið. Þetta tré er eitt af merkilegustu trjám á Íslandi.

Vestfirðir eru elsti hluti Íslands

Engar gullnámur eru í jörðu á Vestfjörðum. Samt má þessi landshluti kallast hrein gullnáma fyrir náttúruskoðara og sérstaklega þá sem hafa áhuga á jarðfræði og jarðmyndunum. Vestfirðir eru elsti hluti Íslands – elsta berg í hraunlögum á Vestfjörðum hefur mælst vera um 16 milljón ára gamalt eða um þremur milljónum ára eldra en það sem elst hefur fundist á Austfjörðum. Sífelld eldvirkni og gjóskuhleðsla um miðbik landsins veldur því, að gömlu bergflekarnir á Vestfjörðum og Austfjörðum eru smátt og smátt að sporðreisast um leið og þeir færa sig í sundur. Þetta má glögglega sjá á því, hvernig jarðlögum hallar inn til landsins.

Oft hefur mjög langur tími liðið milli hraunflóðanna sem byggðu upp jarðlög Vestfjarða í fyrndinni. Þá hefur jarðvegur orðið til og landið gróið upp og skógar vaxið í loftslagi sem var ólíkt því sem nú er á Íslandi en svipar aftur á móti til Kaliforníu vorra daga. Steingervinga þeirra skóga, sem uxu fyrir tíu til fjórtán milljónum ára, má finna milli hinna fornu hraunlaga víða á Vestfjörðum. Þar sem tröllavegurinn frá Keldudal í Dýrafirði út í Svalvoga liggur utan í hlíð Helgafells hefur til dæmis fundist rauðviðarbolur sem er nærri metri í þvermál og lifði fyrir fjórtán milljónum ára. Tréð hefur verið um 200 ára gamalt þegar hraun hefur fellt það og kolað að nokkru. Við veginn má ummerki og leifar



Við „tröllavegin“ í hlíð Helgafells við Dýrafjörð má finna leifar elstu trjáa á Íslandi, þar á meðal rauðviðar.

þessara gömlu trjáa í berginu.

Af öðrum tegundum sem uxu í heittempruðu loftslagi Vestfjarða á þessum löngu liðna tíma og fundist hafa í jarðlögum má nefna valhnotu, beyki, hlyn, álm, elri og vínvið. Í Surtarbrandsgili við Brjánslæk eru friðlýstir steingervingar með blaðföllum ýmissa trjátegunda og þarf að fá sérstakt leyfi til að skoða gilið.

Engin eldgos hafa orðið á Vest-

fjörðum síðustu tíu milljón árin en þó eru þar greinilegar margar minjar um eldvirknina sem eitt sinn var. Vaðalfjöllin upp af Bjarkalundi eru þannig fornir gígtappar og fyrstu jarðgöngin á Íslandi voru boruð fyrir meira en hálfri öld gegnum Arnarneshamar, sem er lóðrétt innskotslag af hrauni (bergangur) sem stendur eftir þegar lakari jarðefni eru veðruð niður.

Upplýsingamiðstöðin á Hólma-vík býður fjölbreytta þjónustu

Upplýsingamiðstöð ferðamála á Hólmavík sem er í anddyri félagsheimilisins er opin alla daga kl. 9-20 fram til 20. ágúst. Nokkrar

breytingar hafa orðið á starfsemi miðstöðvarinnar sem er rekin af Hólmavíkurbreytti. Fyrirtækið Sögusmiðjan á Kirkjubóli við Steingrímsfjörð hefur nú umsjón með rekstrinum og gæðapróun í starfinu.

Rétt við miðstöðina er nýlegt tjaldstæði og þar eru leiktæki úr rekaviði sem eru vinsæl hjá yngri kynslóðinni. Inni er ýmis þjónusta í boði. Þar er hægt að bregða sér í sturtu, þvo og þurrka fót, fara í borðtennis eða biljarð, kíkja á Netið og fá sér kaffisopa. Að sjálfsgöngu eru þar einnig veittar allrahandu upplýsingar um þjónustu og afþreyingu á Ströndum sem og annars staðar.

Í upplýsingamiðstöðinni er hægt að skoða og kaupa fjölbreytt handverk en handverkshópurinn Strandaúnn hefur undanfarin ár haft þar muni Strandamanna til sýnis og sölu. Einnig eru uppi litlar, forvitnilegar og skemmtilegar sögusýningar sem gleðja bæði anda og auga.

Rétt ofan við tjaldsvæðið er upp-



Hólma-vík.

haf viðfældinnar gönguleiðar um Kálfnaborgir. Það er sérstakt að labba um Borgirnar sem eru klettóttar en jafnframt gróðursælar og útsýnið yfir Steingrímsfjörðinn af göngustígnum er sérlega skemmtilegt. Gönguleiðin er fyrir alla fjölskylduna og mikið notuð bæði af heimamönnum og gestum.

Heimasíða Upplýsingamiðstöðvar ferðamála á Hólma-vík er www.holmavik.is/info og netfang info@holmavik.is. Síminn er 451-3111.

Sundlaug Vesturbyggðar


Eyrargötu,
Patreksfröi
Sími 456 1523

Opnunartími:


Mánudaga – föstudaga kl. 09:00 - 20:30
Laugardaga og sunnudaga kl. 10:00 - 16:00

Boðið er upp á heita potta og sauna
Alltaf heitt kaffi á könnunni





BÍLAUMBOD



fyrir Ingvar Helgason
og ÞJÓNUSTUVER

Sími: 456 4540 - Netfang: fmgih@snerpa.is



Ingvar
Helgason hf.




Bíhelmar

**Nýir og
notaðir bílar**

Heimasíða: www.bilasala.it.is

Bílapvottastöð
Hjólbarðaverkstæði
Smurstöð
Bifreiðapjónusta
Sími: 456 5146
Neyðarsími:
699 4053




HÓPFERÐABÍLAR

Sími: 893 5314

Netfang: fmggudni@snerpa.is

Gamla gistihúsið

Mánagötu 5, 400 Ísafirði




☎ : 456 4146

GSM: 897 4146

Netfang: fmg@snerpa.is

www.gistihus.is



Hjólferðir eru til boðs á Vestfirðum. Hópfirðir eru til boðs á Vestfirðum. Hópfirðir eru til boðs á Vestfirðum. Hópfirðir eru til boðs á Vestfirðum.

**HÓPFERÐIR FYRIR HVERN SEM ER
HVERT SEM ER, HVENÆR SEM ER**



FERÐAPJÓNUSTA
MARGRÉTAR OG FOSNA

HÓPFERÐAMIÐSTÖÐ VESTFIJARÐA

Sindragötu 3 - Sími 893 5314



**ALLIR BÍLAR MED
ÖRYGGISBELTI**



Marsibil og Elfar Logi á Langa Manga.

Langi Mangi, nýtt kaffihús á Ísafirði

Þau Elfar Logi Hannesson leikari frá Bíldudal og Marsibil G. Kristjánsdóttir opnuðu í vor nýtt kaffihús á Ísafirði, lítið og notalegt, sem ber nafnið Langi Mangi. Þar er meðal annars boðið upp á gott ítalskt kaffi í bland við tónlist.

Raunar gefur orðið „kaffihús“ ekki alveg rétta mynd af rekstrinum því að á Langa Manga fást margvíslegar veitingar aðrar en kaffi og tilheyrandi, bæði matur og vín.

Langi Mangi er að Aðalstræti 22, örskammt frá Silfurtorgi, í húsnæði því þar sem lengi var hin þekkt úraverslun Axels Eiríkssonar.



Frá Bíldudal.

Hinn veðursæli Bíldudalur við Arnarfjörð

„Ef einhvers staðar á Vestfjörðum er logn og hiti, sólskin og blíða, þá er það á Bíldudal.“ Veðursældin í þessum fallega og kyrrláta bæ við Arnarfjörðinn hefur löngum verið annáluð og gróðurríkið í bænum ber vissulega merki þess. Nú búa tæplega þrjú hundruð manns á Bíldudal og umsvifin voru stundum meiri á fyrri tíð.

Á nítjándu öld þótti saltfiskurinn frá Bíldudal bera af öðrum íslenskum fiski erlendis. Fyrir rúmri öld hófst athafnamaðurinn Pétur J. Thorsteinsson handa á Bíldudal og þá var staðurinn um skeið í fararbroddi í tæknivæðingu hérlandis. Miklu seinna voru Bíldudals grænar baunir landsþekktar. Nú í sumar er haldin hátíð með nafni sem vísar til þeirrar vöru, sumarhátíðin Bíldudals grænar ...

Húsið Vegamót hefur borið mörg nöfn

Eitt af elstu húsunum á Bíldudal stendur við Tjarnarbraut 2 og nefnist Vegamót. Þar mun hafa verið reist sem íbúðarhús árið 1893 en þegar árið eftir er það nefnt Hótelíð og þá er þar greiðasala og leigt út húsnæði. Á næstu árum og fram yfir aldamót gengur húsið ýmist undir nöfnunum Veitingahúsið, Gisti-húsið eða Vertshúsið en síðan mjög lengi Læknishús og lengst af var það einungis íbúðarhús. Húsið hlaut nafnið Vegamót fyrir rétttri hálfri öld en greiðasala og hófst þar á ný fyrir aldarfjórðungi. Árið 1986 taka hjónin Hannes Friðriksson og Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir við rekstrinum og hafa síðan byggt hann upp af miklum myndarskap.

Veitingastofan Vegamót má heita miðpunkturinn á Bíldudal. Hún er ekki aðeins veitingahús heldur er þar einnig verslun og bensínstöð. Þar fá ferðamenn allar nauðsynjar og sitthvað fleira en sjálf veitingastofan er í skála framan við verslunina.

Rétt hjá Vegamótum, hinum megin við götuna, er Reynimelur, hús Jóns Kr. Ólafssonar söngvara, sem er einhver kunnasti Bílddælingurinn á seinni árum. Þarna hefur hann komið upp einstæðu tónlistarsögusafni, sem nefnist Melódíur minninganna.

„Í gegnum tíðina hef ég eignast fjöldann allan af hljómplötum og munum sem tengjast íslenskri tónlistarsögu og svona safn er kærkomið tækifæri til að heiðra minningu horfinna listamanna og halda merki þeirra sem enn eru í fullu fjöri hátt á lofti. En þrátt fyrir að sýningin sé yfirgripsmikil, spanni allt frá Péttri Jónssyni óperusöngvara til Milljónamæringanna, þá er óhætt að segja að þorri munanna sé frá sjötta og sjöunda áratugnum. Þá var „mitt fólk“ upp á sitt besta“, segir Jón Kr. „Safnið til-einka ég líka mörgu af því dásamlega fólki sem ég hef kynnst í gegnum tónlistina. Nægir hér að nefna listamenn eins og Hauk Morthens, Sigfús Halldórsson, Jón Sigurðsson, Svanhildi Jakobsdóttur, Ólaf Gauk, systkinin Ellý og Vilhjálm Vilhjálmssbörn, Svavar Gests, Ragnar Bjarnason, Helenu Eyjólfsdóttur, bræðurna Ingimar og Finn Eydal, Önnu Vilhjálms og Örvar Kristjánsson.“

Jón Kr. Ólafsson var söngvari í Facon á Bíldudal, sem starfði á 7. áratug nýliðinnar aldar og allir landsmenn þekktu. Segja má að Facon hafi lokið ferlinum árið 1969 með útgáfu plötu þar sem meðal annars var lagið Ég er frjáls eftir Pétur Bjarnason síðar fræðslustjóra, en hann var einn af félögum í Facon.

Tónlistarsafnið „Melódíur minninganna“ er heimilislegt og alíslenskt. „Ég á þá einu ósk að fólki líði vel þegar það röltir hér um og rifjar upp gamlar minningar“ segir Jón Kr. Ólafsson.

Arnfirðingafélagið heldur úti myndarlegri heimasíðu (www.arnfirdingur.is). Þar er saman kominn margvíslegur fróðleikur um Bíldudal og Bílddælinga að fornu og nýju.

Leirutá?


Ferðakortin vísa veginn

Gott ferðakort er lykill að vel heppnaðri ferð. Kynnstu Íslandi á nýjan hátt og léttu kortin frá Landmælingum Íslands vísa þér veginn.

Kortin fást um land allt, á næstu bensínstöð, bókabúð eða upplýsingamiðstöð. Gerðu kröfur um vandað og nákvæmt ferðakort. Það gerum við.

www.lmi.is

LANDMÆLINGAR ÍSLANDS
...vísa þér veginn



Grænhöfði

Gisting og kajakleiga á Flateyri

Accommodation and Kayak Rent in Flateyri Westfjords

Kajakleiga Grænhöfða

er með fjölda báta og er ýmist hægt að fá þá leigða með eða án leiðsagnar um Öndarfjörð og aðra fjarð Vestfjarða. Öndarfjörður er kjörinn til kajakróðra, fuglalíf er afar fjölbreytt og í kvöldkynróinni er fært sem kemur í stað þess að heyra þögnina hjóma meðan horft er á stórfenglegt sólarlagið.

Algengt er að selir og smærri hvalategundir syndi við hlið bátanna þegar rólið er um fjörðinn.

Tel.: (+354)456 7762, (+354)863 7662,
(+354)867 5423, (+354)868 4155
E-mail: jens@snerpa.is

Grænhöfði

skipuleggur ferðir fyrir hópa og er vinsælt í langri ferðum að taka land einhversstaðar við fjörðinn þar sem safaríkar steikur bíða á grillinu eða kaffihlaðborð. Allt eftir óskum hvers og eins.

Kayak trips

for the beginners and the expert are on offer with experienced guides. The most popular trips last between 2 to 3 hours. Trips from one day to a week are also available. It is possible to take Groups of up to 12 people. Enjoy a paddle through the natural wonder that is Iceland.

SJÓFERÐIR

Hafsteins og
Kiddýjar



Sími: 456-3879 - 892-1879
sjoferdir@sjoferdir.is
www.sjoferdir.is

FERÐIR MEÐ LEIÐSÖGN OG VEITINGUM

VIGUR:

Daglega kl. 14.00 frá Ísafirði

Sigling - leiðsögn um Vigur - kaffihlaðborð

HESTEYRI:

frá Ísafirði

miðvikud., föstud. og sunnud. kl. 14.00

Sigling - leiðsögn um Hesteyri - kaffihlaðborð

NÝTT!

BÆIR - KALDALÓN - DALBÆR:

Fimmtudaga kl. 17.00 frá Ísafirði

Sigling í Bæi- bílferð og leiðsögn um Kaldalón


- léttur kvöldverður í Dalbæ

Nánari upplýsingar gefa Vesturferðir í síma 456 5111



Búið árg. 2008

Geðryia Kristjánss árg. 2000



„Snjáfjallasetur“ í Dalbæ

Byggðasögusýningin „Hörfin býli og huldar vættir í Snæfjalla- og Grunnavíkurhreppum hinum fornu“ var opnuð í Dalbæ á Snæfjallaströnd á frægri rímnahátíð sem þar var haldin í fyrri. Um er að ræða yfirlitssýningu um þá staði á þessu svæði þar sem maðurinn hefur í gegnum aldirnar reist sér bústaði og voru í byggð um og upp úr aldamótunum 1900. Mikið myndefni og fróðleikur um sögu byggðarinnar er á sýningunni.

Nú er lokið við að þýða sýningarskrána á ensku auk þess sem sett verða upp skilti með upplýsingum

um sýninguna á Ströndinni. Stofnað hefur verið svonefnt „Snjáfjallasetur“ en tilgangur þess er að safna saman á einum stað sem mestum fróðleik um Snæfjallaströnd og gera hann aðgengilegan á sem fjölbreyttastan hátt.

Líðir í því eru sýningin í Dalbæ, bækur og vefsíða. Fengist hefur framlag af fjárlögum til að koma setrinu á laggirnar. Í tengslum við formlega stofnun Snjáfjallaseturs verður haldin hátíð í Dalbæ laugardaginn 12. júlí í sumar þar sem gestum verður boðið upp á ýmislegan fróðleik og skemmtan.



Séð út Snæfjallaströnd. Fremst eru Bæir en við víkina eru Unaðsdalur og Dalbæ. Nokkru utar er Tyrðilmýri. Ljósmynd: Mats Wibe Lund.



Rúnar Sverrisson ekur Bauninni frá Gestsstöðum með vagn fullan af fólki.

„Sauðfé í sögu þjóðar“ í Sævangi við Steingrímsfjörð

Á Ströndum er margt að sjá og skoða. Mikilfengleg náttúruvegur og fjölbreytt menningar- og mannlíf er meðal þess sem blasir við augum þeirra sem leggja leið sína um héraðið. Strandir eru líka eitt búsældarlegasta sauðfjárræktarsvæði á landinu.

Því er vel við hæfi að sýningunni *Sauðfé í sögu þjóðar* skuli hafa verið fundinn staður á Ströndum. Sýningin sem er í félagsheimilinu Sævangi við Steingrímsfjörð, um 12 km sunnan við Hólmavík, er

opin í sumar kl. 10-18 alla daga til ágústloka. Nánari upplýsingar eru á vef sýningarinnar (www.strandir.is/saudfjarsetur).

Á sýningunni er fjallað á skemmtilegan og lifandi hátt um sauðfjárbúskap og sauðkindina sjálfa frá öllum mögulegum hliðum og á sýningunni er mikið af myndum og forvitnilegum munum. Fyrir utan Sævang standa einnig nokkrar gamlar dráttarvélar og önnur búnaðartæki.



Gamlir bændur rifja upp liðna tíma við rakstrarvél utan við Sævang.



Ábugasamir dráttarvélaflíklar skoða undir vélarblífina á dráttarvéladegi.

Mikil áhersla er lögð á að allir aldurshópar finni eitthvað við sitt hæfi á sýningunni. Fjallað er um sauðfjárbúskap og sauðkindina sjálfa frá öllum mögulegum hliðum og á sýningunni er mikið af myndum og forvitnilegum munum. Fyrir utan Sævang standa einnig nokkrar gamlar dráttarvélar og önnur búnaðartæki.

Á sýningunni er barnahorn og þar er góð aðstaða fyrir yngri kynslóðina til að njóta sín, lita og

leika sér meðan foreldrarirnir skoða sýninguna. Einnig er á sýningunni vísindahorn þar sem fólk getur sest niður og skoðað ýmsa hluti í víðsjá, auk þess sem hægt er að kíkja á tölvuforrit ætluð bændum. Heimildirnar í vörslu Sauðfjársetursins eru án efa eitt helsta aðdráttarafi sýningarinnar. Þeim er gefið tvisvar á dag með hjálp gestanna.

Handverks- og minjagripasala er einnig í Sævangi. Síðast en ekki síst skal nefna kaffistofuna í Sæ-

vangi sem er opin á sama tíma og sýningin. Þar geta menn gætt sér á kaffi, heitu súkkulaði og heimilislegu meðlæti, óháð því hvort þeir skoða sýninguna eða ekki. Þá er þar kaffihlaðborð alla sunnudaga í sumar.

Sauðfjársetrið hefur verið virkt í menningararlífi Strandamanna síðustu misseri og verður engin breyting á því í sumar. Fjölmargar uppákomur og skemmtanir verða á vegum setursins eins og síðasta ár.



- Fótoltaskór
- Gerfigrasskór
- Fatnaður



- Veiðivörur í miklu úrvali



- Reiðhjól og reiðhjólavörur

ÚTIVISTAR-FATNAÐUR

DIDRIKSONS
CINTAMANI
REGATTA
IS IT-ZO
BE-ZO



- Göngu- og hlaupaskór



- Golfvörur og golffatnaður

- Útileguvörur
- Svefnpokar
- Bakpokar
- Tjöld

casall

- Kvenfatnaður



Hafnarbúðin
Sími 456 3245



Sérhæfum okkur í bókum og landakortum frá Vestfirðum



Bókhlaðan,



Ísafirði sími 456-3123

BYGGDASAFN
Vestfirðna

SJÓMINJAR

VEITINGAR Í TJÖRHÚSI

**TURNHÚSID ER OPID:
VIRKA DAGA**

KL. 10 - 17

UM HELGAR Í MAÍ OG JÚNÍ

KL. 13 - 17

Í JÚLÍ OG ÁGÚST

KL. 10 - 17

SAGA Í HVERJUM SOPA.

LJÚFFENGAR SÓPUR Í HÁDEGINU, KAFFI OG ÞJÓÐLEGT MEDLETI.
OPID ALLA DAGA 20. JÚNÍ TIL 20. ÁGÚST KL. 11 - 17.

SALTFISKVEISLUR:

28. JÚNÍ KL. 20:00

Valdir saltfiskunnendur matreiða sinn eftirlætis rétt. Villi Valli, Tómas R. Einarsson, Páll Torfi Ónundarson og Jóhanna Þórhallsdóttir selða fram viðeigandi tónlist.

12. JÚLÍ KL. 20:00

SKG veitingar eru meistarar eldhússins. Hjómsveitla Unaðsdalur leikur og syngur undir börðum.

26. JÚLÍ KL. 20:00

SKG veitingar eru aftur meistarar eldhússins. Óskar Guðjónsson saxófónleikari og Bossa Nova hjómsveit hans sjá um taktinn.

9. ÁGÚST KL. 20:00

**SALTFISKUR OG KAMPALAMPI
RÆKJUVEIDAR Í 80 ÁR**

SKG veitingar eru vanir menn í eldhúsinu. Hjómsveitla Unaðsdalur heiðrar samkomuna aftur með leik og söng.



Wendy Killoran í kajakferðinni ógleymanlegu.

Ævintýraferð á kajökum

Meðal erlendra gesta sem hrifist hafa af kajakferðum á Vestfjörðum er Wendy Killoran, kanadísk kona sem fór í fyrra í ævintýraferð ævi sinnar. Hún fór í nokkurra daga

kajakleiðangur ásamt sex íslenskum körlum og var lagt af stað frá Hornbjargsvita. Róið var vestur með björgunum og fyrir Hornstrandir, inn í Jökulfirði og síðan

inn um allt Ísafjarðardjúp með viðkomu í Vigur áður en komið var á endastöð á Ísafirði.

Wendy átti varla orð til að lýsa þessari nýju upplifun. Eitt sinn

lentu þau í miklu hvassviðri sem varð einungis til þess að gera ferðina ennþá eftirminnilegri.

Það var ekki bara róðurinn sjálfur sem gerði ferðina skemmtilega. Wendy hefur næmt auga fyrir náttúrufegurð og dýralífi en ekki síst minnst hún varðeldanna sem kveiktir voru þegar komið var í náttstað.

„Við áðum á mörgum fögnum stöðum en Fofafóturinn við Ísafjarðardjúp heillaði mig gersamlega. Þar sátum við og átum lambakjöt steikt við opinn eld og dreyptum á víni alveg fram undir mið-

nætti. Þegar ég leit út úr tjaldinu á miðnætti horfði ég beint í miðnætursólina og það var eins og Ísafjarðardjúpið væri úr gulli. Þetta var töfrandi sjón.“

Wendy svaf prýðilega þrátt fyrir að sólin skini glatt tutugu og fjóra tíma á sólarhring. Róðurinn tók á líkamann og hvíldin var ljúf. „Ég skil vel hamingju minna nýju íslensku vina yfir því að fara í kajakferðir í „bakgarðinum“ sínum á Vestfjörðum. Þetta var stórskemmtilegt ævintýri með stórskemmtilegum náungum. Töfrar Íslands höfðu mig algerlega á valdi sínu.“



*Íslensk handunnin
gjafavara í miklu úrvali*



**RAMMAGERÐ
ÍSAFJARÐAR**

Aðalstræti 16 – Ísafirði
Sími 456 3041
Opíð virka daga frá kl. 10-18
laugardaga frá kl. 11-14

– Miklu meira en þig grunar –

Sérhæfðir svæðisleiðsögumenn

Á Vestfjörðum eru allmargir svæðisleiðsögumenn, sem bæði hafa mikla reynslu í leiðsögn um ákveðin svæði og sérþekkingu á þeim. Þeir hafa auk þess stundað nám og lokið prófum í svæðisleiðsögn.

Þeir sem vilja fá slíka leiðsögumenn til fylgdar með stærri eða smærri hópum, innlendum eða erlendum, geta fengið nánari upplýsingar á upplýsingamiðstöðvum á Vestfjörðum. Þær sjá einnig um að útvega leiðsögumenn.



Saltverkið í Reykjanesi – fyrsta stóriðja á Íslandi

Engin stóriðja er á Vestfjörðum, engin álver og engar járnblendiverksmiðjur sem spúa eitri út í náttúruna. Eina iðnaðarlyktin sem hægt er að finna í vestfirskum sjávarplássum er lyktin af fiski og sjó.

En svo merkilegt sem það kann að virðast, þá var fyrsta „stóriðja“ Íslendinga einmitt á Vestfjörðum. Það var saltvinnslan í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, sem hófst árið 1773 og starfaði um tveggja áratuga skeið.

Jarðhitinn í Reykjanesi var notaður til að láta sjó gufa upp af stórum og grunnum pönnum, þannig að saltið varð eftir. Salt-

verkið í Reykjanesi var einn af ávöxtunum af starfi Landsnefndarinnar fyrri, sem svo er nefnd, en stjórnvöld í Kaupmannahöfn beittu sér fyrir átaki í atvinnumálum Íslendinga á árunum upp úr 1770. Enn mun leifar saltverksins gamla vera að finna í jörðu í Reykjanesi en eitthvað af þeim hefur verið grafið upp.

Bæði barnaskóli og héraðsskóli voru reknir í Reykjanesi við Djúp lungann úr nýliðinni öld en þeir eru nú aflagðir. Nú er rekin ferðaþjónusta í hinum miklu byggingum sem þar standa. Sundlaugin nýtur mikilla vinsælda og náttúrefugurð



Reykjanes við Ísafjarðardjúp.

og ríkulegt dýralíf gera staðinn að kjörsvæði til gönguferða og náttúruskoðunar.



Faktorshúsið í Hæstakaupstað er mikil bæjarprýði á Ísafirði.

Faktorshúsið í Hæstakaupstað

Veitinga- og kaffihúsið Faktors- húsið í Hæstakaupstað á Ísafirði er sannkölluð bæjarprýði á ný. Húsið er frá ofanverðri 18. öld og hefur verið gert hefur verið upp í upprunalegri mynd eftir því sem framast hefur verið unnt. Húsið er vel tækjum búð og þar er nú rekið kaffihús með fullbúinni veitinga- aðstöðu og vínveitingaleyfi. Neðri hæðin skiptist í misstórar stofur og veitingasal en á efri hæðinni er lítil salur.

Faktorshúsið í Hæstakaupstað er ein af elstu byggingum á landinu, reist árið 1788 af Björgvinjarkaup- mönnum eftir að einokun var létt af verslun á Íslandi. Húsið var í fyrstu íbúðarhús norska verslunar- stjórns (faktorsins) en síðar komu Danir og settust að í húsinu og byggðu við það.

Um 1920 keypti Ísafjarðarbær húsið og nýtti með margvíslegum hætti, bæði fyrir skrifstofurekstur



Áslaug Jóhanna Jensdóttir veitingamaður í Faktorshúsinu.

og einnig sem íbúðarhúsnæði á vegum bæjarins. Vegsemd hússins fór minnkandi með árunum og var það vægast sagt í mikilli niður- níðslu þegar hjónin Áslaug Jó- hanna Jensdóttir og Magnús Helgi Alfreðsson húsasmíðameistari keyptu það árið 1993.

Fimm árum síðar hófu þau

viðamiklar endurbætur og nánast tóku húsið ofan og endurbyggðu frá grunni. Hjörleifur Stefánsson arkitekt hafði í byrjun umsjón með framkvæmdum og hönnunarvinnu en síðar Elísabet Gunnarsdóttir arkitekt (Teiknistofan kol og salt á Ísafirði).



Langi Mendi

cafe

ADALSTRÆTI 22
Sími 456 3022

Súpa í hádeginu
Léttir réttir
Kaffi og kökur

Opið mán-fim 10-23
fös-lau 10-01
sun 11-23

Mikið úrval af brauðum og kökum



VERIÐ VELKOMIN


Opið frá 7-18 virka daga
7-16 laugardaga

Gamla bakarið
GAMALT EN SIUNGT

Adalstraeti 24
Sími 456 3226



Prófastarnir láta sér návíst ferðafólksins vel líka.



Fuglalífer ríkulegt í stuðlabergsbörmum Suðureyjanna.

Sjóferðir fyrir sælkera og unnendur fagurrar náttúru

Hjónin Svanborg Sigurgeirsdóttir og Pétur Ágústsson í Stykkishólmi reka fyrirtækið Sæferðir sem eins og nafnið gefur til kynna til helgar sig ferðapjónustu á Breiðafirði. Skipakosturinn er annars vegar tveir farþegabátar, Særún og Brimrún, sem hvor um sig tekur hundrað og fimmtíu manns, og hins vegar Breiðafjarðarferjan Baldur sem er „þjóðvegurinn“ milli Stykkishólms og Brjánslækjar á Barðaströnd með viðkomu í Flatey.

Ferðirnar með bátunum um náttúrurparadísina á Breiðafirði eru fjölbreyttar og margvíslegir viðburðir í boði ásamt góðri leiðsögn. Brimrún er einkum gerð út til stórhvelaskoðunar frá Ólafsvík. Særún fer hins vegar einkum um Suðureyjarnar þar sem þær eru þéttastar. Fuglalíf er þar fjölskrúðugt og fuglarnir hafa vanist gestaferðum þannig að hægt er að fara mjög nálægt þeim án þess að þeir láti sér bregða.

Meðal annars eru arnarhjón á

siglingaleiðinni og þekkja Særúna en ókyrrast þegar aðrir bátar eru á ferð. Leyfi hefur fengist frá umhverfisráðuneytinu til að sýna ferðafólki arnarhjólin. „Við leggjum áherslu á að reka starfsemi okkar í sátt við náttúruna svo að fuglarnir njóti þess að skoða ferðamennina og ferðamennirnir njóti þess að skoða fuglana – af gagnkvæmri virðingu“, segir Svanborg Sigurgeirsdóttir hjá Sæferðum.

Suðureyjaferð, sem er hefðbund-



Skelfiski skolað niður með hvítvíni við undirleik harmoníku.




Farþegaferjurnar Brimrún og Særún eru tvíbytnur og taka hvor um sig um 150 manns.

in fuglaskoðunar- og náttúruskoðunarferð, tekur rúmar tvær klukkustundir. Þar er fuglalífið skoðað, sérstæðar bergmyndanir ber fyrir augu, siglt er um sjávarfallastrauma og ýmis sérkenni eyjanna skoðuð. Hápunkturinn er þegar plógur er settur út og dreginn eftir sjávarbotninum. Þegar hann hefur verið tekinn um borð gefst farþegum kostur á að bragða á nýveiddum skelfiski og ígulkerahrognum, ásamt því að skoða fjöldann allan af öðrum sjávardýrum.

Auk Suðureyjaferðar sem farin er daglega eða oft er ýmis hópatalið hjá Sæferðum. Þar má nefna sérstakar fuglaskoðunarferðir, Flateyjarferð og Hrapseyjarferð.

Grandferð tekur þrjá til fjóra klukkutíma en þá tilhögun svipuð og í Suðureyjaferðunum nema hvað á miðri leið er skipinu lagt á fögrum stað og boðið upp á hlaðborð með fjölda lostætra rétta. Um hverja helgi í sumar er farið í ferðir þar sem nýveiddur fiskur og skelfiskur er grillaður um borð.

„Við leggjum mikla áherslu á að bæta stöðugt möguleikana og þjónustuna“, segir Svanborg, „og það nýjasta eru Sjóferðir sælkera, þar sem siglt er inn Suðureyjarnar og veiddur skelfiskur sem er etinn hrár að hætti sælkera. Á Breiðasundi er síðan borinn fram glæsilegur kvöldverður. Og auðvitað er mjög góð leiðsögn í þess-



Nýveiddar skeljarnar opnaðar.



Sælkerarnir eta skelfiskinn
bráan beint úr skelinni.

um ferðum. Hér allt í kring eru mjög sérstæðir hlutir til að skoða, eins og stuðlabergið í Purkey og í Hvammsfjarðarröstinu eru sterkustu sjávarstraumar við Ísland. Þeir geta farið upp í fjórtán eða sextán mílur en við erum með hraðskreiða báta sem komast þetta.

Svanborg kveðst stundum segja að þau séu með fjölskylduparadís við Breiðafjörðinn. „Þetta er einstakt tækifæri til að skoða bergmyndanir og fuglalíf og það er alltaf toppurinn á ferðinni þegar plógurinn er dreginn upp úr sjónum. Þá er gaman að fylgjast með svipbrigðum barnanna. Við veðum krossfiska, krabba, ígulker og kuðunga og krakkarnir njóta þess sérstaklega að skoða dýralíf undirdjúpanna. Það er mjög algengt að fólk sem kemur hér í veisluferðir með hópum áttar sig á því að þetta eru barnvænar ferðir og kemur síðan aftur til að leyfa börnunum að upplifa þær.“



Hvalur að blása. Ferjan Brimrún fer í hvalaskoðunarferðir frá Ólafsvík. Ljósmyndir: Rafn Hafnfjörð.

VESTURFERÐIR FERÐASKRIFSTOFA



PAKKAFERÐIR

- Mallorca
- Portúgal
- Kít
- Flug og hótél
- Billund, flug og bíll




SÉRFERÐIR

- Skemmtiferðasigling
- Pólland
- Rússland
- Kúba
- Viet-Nam
- Kína
- Prag
- Búdapest



PAKKAFERÐIR

- Mallorca
- Portúgal/Kít
- Ítalía
- Costa Del Sol
- Kýpur



BÍLALEGA FLUGLEIÐA/

- Umboð á Ísafirði
- Sími: 863 9023



- Sala farseðla fyrir helstu ferðaskrifstofur
- Fyrirtækjapjónusta

*Fagmennska
í fyrirrúmi!*

Skoðunarferðir frá Ísafirði

- Sigling í Vigur daglega kl. 14.00
- Helmsókn á Hesteyri
- Dagsgönguferð á Hornstrandir
- Gönguferð um eyrina á Ísafirði
- Dagsferð í Arnarfjörð
- Hringferðir á Hornstrandir og Jökulfirði
- Sala farmiða í báta og rutur
- Kajakferðir

Hornstrandaferðir langar og stuttar



West Tours, Aðalstræti 7, 400 Ísafjörður
Sími/tel: 456 5111 / fax: 456 5185

Netfang: vesturferdir@vesturferdir.is
Heimasíða: www.vesturferdir.is



Reiðskörð eða Rauðuskörð eru leifar af berggangi eða klettabrík skammt frá Brjánslæk á Barðaströnd.

Stórvirki frá sjötíu ára ferli

skipaverkfræðingsins frá Ísafirði sem vill ekki kalla sig ljósmyndara

Hjálmar R. Bárðarson frá Ísafirði er einn af kunnustu ljósmyndurum Íslendinga. Hann hefur stundað ljósmyndun í liðlega sjötíu ár og frá hans hendi hafa komið mörg stórvirki í myndum og máli. Þar á meðal eru bækurnar Ísland, svipur lands og þjóðar, Fuglar Íslands, Hvítá frá upptökum til ósa, Vestfirðir í máli og myndum, Íslenskt grjót og Íslenskur gróður. Einnig myndabók um Ísland á sex tungumálum sem fyrst kom út árið

1965. Flestar hinna bókanna hafa einnig verið gefnar út á ýmsum öðrum tungumálum og verið prentaðar aftur og aftur.

Enn á ný hefur Hjálmar sent frá sér glæsilega bók sem nefnist Ljós og skuggar í máli og myndum. Segja má að þar sé samandregið það besta úr sjö áratuga eljuverki við ljósmyndun og ferðalög. Ljósmyndir Hjálmars R. Bárðarsonar eru verðmætar á tvo vegu sem oft fara ekki saman: Sem heimilda-


myndir um liðna tíma og sem hrein ljósmyndalist.

Þrátt fyrir þetta er Hjálmar ekki ljósmyndari að iðn heldur skipaverkfræðingur. Þar fetaði hann í spor föður síns, Bárðar G. Tómassonar frá Hjöllum í Skötufirði, sem var fyrsti íslenski skipaverkfræðingurinn. Bárður rak sem kunnugt er skipasmíðastöð á Torfnesi á Ísafirði um það bil þar sem Menntaskólinn stendur nú. Þeir fedgar báðir eru einhverjir helstu brautryðjendur á sviði skipasmíða hérlandis.

Hjálmar gegndi mjög lengi embætti skipaskoðunarstjóra ríkisins og síðan siglingamálastjóra og var landsþekktur fyrir verk sín þar og raunar einnig á alþjóðavettvangi. Hann hlaut margvíslegar viðurkenningar fyrir störf sín að siglingamálum og skipasmíðum, meðal annars Fálkaorðuna og Stórriddarakross Fálkaorðunnar. Einnig hlaut hann Alþjóða siglingamála-verðlaunin fyrir störf á alþjóðavettvangi að öryggismálum sjófarenda og vörnum gegn mengun sjávar.

Hjálmar R. Bárðarson var mikill ferðagarpur en er nú tekinn að reskjast. Fræg er gönguferð hans um Jökulfirði og Hornstrandir sumarið 1939, þar sem hann tók fjölda ómetanlegra ljósmynda, enda voru þá enn blómlegar byggðir á þeim slóðum. Hann tók þar jöfnum höndum myndir af landslagi, bæjum og fólki en kveðst eflaust hafa tekið miklu meira af mannlífsmyndum hefði hann gert sér grein fyrir því að þetta svæði færi fljótlega í eyði.

Í ferð þessari fór Hjálmar með báti til Grunnavíkur og gekk síðan yfir í Aðalvík og þaðan um Hornstrandir og Strandir allt suður í Steingrímsfjörð. Þaðan gekk hann yfir Steingrímsfjarðarheiði að Djúpi og kom heim með Djúpbatnum frá Arngerðareyri. Fjöldi



Úr Látrabjargi, völdugasta sjávarbjargi landsins. Bjargið er um 14 km á lengd og mesta hæð 444 metrar yfir sjávarmáli. Fuglamergöin er gífurleg á varptíma en á myndinni eru tveir lundar og ein álka.



Íslenski fálkinn er stærstur allra fálkategunda. Kvenfuglinn er talsvert stærri en karlfuglinn. Hér er kvenfálki að mata unga sína á klettasyllu á Ströndum.

mynda úr þessari merkilegu ljósmyndaferð er í stórvirkinu Vestfirðir í máli og myndum (fyrsta útgáfa 1993), auk ótalmargra nýrra mynda enda eru Vestfirðir Hjálmarí kærir og ófáar ljósmyndaferðir hans um þær slóðir á langri ævi.

Hjálmar R. Bárðarson er fæddur að Tangagötu 4 á Ísafirði snemma sumars árið 1918 og því réttu 85 ára. Krókurinn beygðist snemma hjá þessum mikla ferðagarpri því að tólf ára gamall stofnaði hann ásamt leikfélögum sínum á Ísafirði ferðafélag sem hlaut nafnið Einir. Hann var snemma efnilegur sundmaður og starfaði mikið í Skátafélaginu Einherjum á Ísafirði en í þeim félagsskap var mikið um útiivist og ferðalög. Einnig má nefna, að á unglingsárum smíðaði Hjálmar sér kajak. Mest var um kajakróðurinn innanfjarðar en eitt sinn reri hann ásamt félögum sínum alla leið inn í Reykjanes við Djúp.

Fyrsta myndavélin sem Hjálmar R. Bárðarson eignaðist var svo kölluð kassamyndavél. Hann fékk


hana í fermingargjöf 14 ára gamall árið 1932 frá afa sínum og ömmu. Á þeim árum voru kassamyndavélar yfirleitt fyrstu tæki byrjenda og þessi vél dugði Hjálmar vel í nokkur ár. Á hana tók hann meðal annars myndir á sundnámskeiðum í Reykjanesi, í skátaferðum, þar á meðal í Kaldalón og á Drangajökul, í skíðaferðum að vetri og kajakferðum að sumri.

Eitt af sérprófum skáta er ljósmyndun. Þar er gerð krafa um ýmsar gerðir ljósmynda og árið 1934 lauk Hjálmar því prófi með myndum úr kassamyndavélinni sinni. Aldrei hefur Hjálmar þó viljað kalla sig ljósmyndara þar sem það er löngverndað starfsheiti iðnlærðra manna.


Hvað sem því líður er Hjálmar R. Bárðarson skipaverkfræðingur frá Ísafirði löngu viðurkenndur sem einn af meisturum ljósmyndalistarinnar á Íslandi. Hér fylgja nokkur sýnishorn úr síðustu gersemi hans, Ljósí og skuggum í máli og myndum.



Dynjandi í Arnarfirði, sem sumir nefna Fjallfoss, er mesti foss Vestfjarða og einn sá tilkomumesti hérlandis. Hann er um 100 m hár og um 30 m breiður efst. Síðan dreifir hann sér um bungumyndaða kelttastalla og neðst er breiddin um 60 m.



Séð af brún Hælavíkurbjargs yfir Hornvík og til Hornbjargs. Yst á Hornbjargi er Núpur og milli hans og Miðfells er Ystidalur. Innan við Miðfell er Miðdalur en upp af honum gnæfa Jörundur og síðan Kálfatindar við himin. Á fornum marbakka neðan við Miðdal standa Hornbæirnir sem löngu eru komnir í eyði en húsunum er baldið við til sumardvalar.




Hornbjarg séð af bafi. Næst eru Kálfatindar (434 m) en fjær er Jörundur (423 m).



Horft af Seljanesfjalli milli Ófeigsfjarðar og Ingólfsfjarðar á Ströndum. Við blasir þorpið Eyri við Ingólfsfjörð sem er löngu lagst í eyði eftir að rekstri síldarverksmiðjunnar var hætt vegna síldarleysis.



Frá Skáleyjum á Breiðafirði þar sem mannlíf og ýmsir fornir hættir eru enn í blóma ekki síður en fuglalíf.



Bjargtangar á vesturenda Látrabjargs eru vestasti oddi Íslands og jafnframt Evrópu. Vítinn stendur á ystu brún en niðri má sjá bella sem sjórinn hefur sorfið í bergið.




Ferðafólk!
Verið velkomin
til Súðavíkur



Við opnum snemma og lokum seint alla daga vikunnar
Fjölbreytt úrval af matvörum og öðrum neysluvörum



HAMRABORGEHF.
HAFNARSTRÆTI 7 • ÍSAFIRÐI • SÍMI 456 3166

Hótel Djúpavík

býður ykkur velkomin.
Gisting, veitingar, gönguleiðir, bátaleiga og kajakleiga.
Sími 451 4037 • Fax 451 4035
<http://www.djupavik.com>
netfang: djupavik@snerpa.is

Gisting, kaffi, krá og kræsingar



Gistiheimili Áslaugar og Faktorshúsið í Hæstakaupstað

Sími 456 3868 – Símbref 456 4075
Farsími 899 0742
Netfang: gistias@snerpa.is
Veffang: www.randburg.com/is/aslaug.html



Dalbær á Snæfjallaströnd. Æðey á Ísafjarðardjúpi fyrir landi.

Dalbær á Snæfjallaströnd

Líkt og undanfarin þrjú sumur er nú í sumar rekin ferðapjónusta í félagsheimilinu Dalbæ á Snæfjallaströnd. Í boði eru svefnpokagisting, gisting í uppþúnu rúmi, tjaldstæði og almenn veitingasala. Ferðafólki sem kemur í Dalbæ hefur fjölgað mjög frá því að reksturinn hófst sumarið 2000. Eins hefur afþreyingarkostur fyrir ferðafólk á Ströndinni fjölgað jafnt og þétt. Sem fyrr er þetta fyrst og fremst þjónusta við göngufólk og fólk sem leggur leið sína út Ströndina. Segja má að ekki sé unnt að aka öllu lengra en í Dalbæ. Vegurinn endar tæpum tveimur kílómetrum utar

eða við Tyrðilmýri.

Hvað varðar afþreyingu fyrir ferðamanninn verður líkt og áður unnt að ganga um Ströndina sér til heilsubótar og skemmtunar. Eins dags til fjögurra daga gönguferðir um Snæfjallaströnd, í Kaldalón, í Grunnavík og á Höfðaströnd í Jökulfjörðum verða sífellt vinsælli. Dagsferð í Æðey hefur einnig notið vinsælda en þá er siglt í Æðey og gengið um eyrna undir leiðsögn eyjarskeggja.

Í sumar verður í fyrsta sinn boðið upp á siglingu frá Ísafirði að Bæjum á Snæfjallaströnd, sem eru steinsnar frá Dalbæ. Þaðan er ekið

inn Kaldalón og gengið með staðkunnugum fram að Drangajökli. Að gönguferð lokinni er ekið í Dalbæ þar sem til reiðu verður súpa og brauð og að lokum siglt aftur til Ísafjarðar. Lagt er af stað frá Ísafirði klukkan 17 alla fimmtudaga frá og með 26. júní. Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar á Ísafirði sjá um bátsferðina. Nánari upplýsingar og pantanir eru hjá Ferðaskrifstofunni Vesturferðum.

Símar í Dalbæ eru 456 2660, 897 6872 og 697 7818. Netföng eru dalbaer@eldhorn.is og inkjar@eldhorn.is. Veffang er www.eldhorn.is/dalbaer

Sýning á gömlum ljósmyndum úr Ögurhreppi

„Byggð og mannlíf í Ögurhreppi hinum forna“ er yfirskrift sýningar á gömlum ljósmyndum í samkomuhúsinu í Ögri við Ísafjarðardjúp í sumar. Myndirnar eru einstakar heimildir um bæi og ábúendur í hreppnum frá seinni hluta 19. aldar og fram yfir miðja 20. öld. Ögurhreppur náði frá botni Hestfjarðar og inn fyrir Þernuvík sem var innsta jörðin í hreppnum. Um aldamótin 1900 var hátt á þriðja tug bæja í byggð og töldust íbúarnir 383 árið 1910 en síðan fækkaði þeim jafnt og þétt. Fram eftir 20. öldinni var sveitin þó blómleg og mikil gróska í félagslífinu.

Árið 1926 reisti Ungmennafélagið Framsókn samkomuhús í Ögri sem var notað undir ýmskonar félagsstarfsemi, t.d. dansskemmtanir og leiksýningar. Jafnframt var þar barnaskóli til ársins 1945. Læknir hafði sömuleiðis aðsetur í Ögri og til var sérstakt Ögurlæknishérað á árunum 1932–1951. Læknisbústaður var byggður þar árið 1933.

Þróunin var hins vegar sú, að íbúunum hélt áfram að fækka og árið 1940 voru þeir komnir niður í 194 manns. Fimm árum síðar fluttu



Ljósmyndasýningin er í gamla samkomuhúsinu í Ögri.

Þar er einnig aðstaða fyrir ferðafólk til gistingar og eldamennsku.

síðustu íbúarnir úr Ögurnesi og um 1970 voru flestir bæir í Skötufirði komnir í eyði, utan Hjallar og Hvítanes, og íbúarnir þá 63 talsins. Árið 1995 var Ögurhreppur sameinaður Súðavíkurbreppi og voru þá 33 íbúar skráðir í hreppnum.

Ráðgert er að opna sýninguna 22. júní og verður hún opin daglega í sumar kl. 13–18 eða eftir nánara

samkomulagi. Samkomuhúsið í Ögri er í alfaraleið fyrir þá sem ferðast um Ísafjarðardjúp, mitt á milli Hólmavíkur og Ísafjarðar. Í þessu skemmtilega húsnæði er í boði svefnpokagisting og eldunar- aðstaða fyrir bæði einstaklinga og stærri hópa sem sækjast eftir hagkvæmri gistingu.

Sögusýning í síldarverk-smiðjunni í Djúpavík

Saga Djúpavíkur við Reykjarfjörð á Ströndum er ævintýrleg í meira lagi. Í sumar gefst gestum færi á að kynnast henni töluvert nánar en verið hefur. Þann 7. júlí, þegar rétt 68 ár eru liðin frá því að síldarverk-smiðjan var fyrst gangsett, verður opnuð sögusýning í einum sal verksmiðjunnar. Það eru hótelhaldararnir í Djúpavík, Eva Sigurbjörnsdóttir og Ásbjörn Þorgilsson, sem standa fyrir verkefninu.

Saga Djúpavíkur hófst árið 1917 þegar Elías Stefánsson setti þar á stofn síldarsöltun, en engin byggð hafði verið í vikinni áður. Elías hafði mikið umleikis og í nokkur ár flyktist fólk víða af landinu til Djúpavíkur í sumarvinnu. Reist voru verslunar- og íbúðarhús, sett niður síldarplön og byggðar bryggjur og bakarí. Síldarævintýri Elíasar í Djúpavík var sjálfhætt eftir kreppuna 1919.

Í september 1934 var hlutafélagið Djúpavík stofnað á Hótel Borg í Reykjavík í því markmiði að byggja og reka síldarverksmiðju í Djúpavík. Stærstu hlut-hafarnir voru útgerðarfélagið Alliance og Einar Þorgilsson & Co. en byggingarframkvæmdir höfðu hafist fyrr á sama ári. Síldarverksmiðjan var tekin í gagnið árið eftir og var stærsta bygging sem reist hafði verið úr steinsteypu á landinu, búin fullkomnustu tækjum og skilaði góðum árangri í lýsis- og mjölvinnslu. Ýmsar nýjungar til hagræðingar voru reyndar í Djúpa-vík, t.d. var löndunarkraninn sem notaður var sá fyrsti sinnar tegundar á landinu og síldin var flutt á færiböndum inn í þærnar sem voru innbyggðar í verksmiðjuna.

Helgi Eyjólfsson byggingameistari úr Reykjavík stjórnaði byggingu verksmiðjunnar. Flytja þurfti allt byggingarefni sjóleiðis og ekkert mátti vanta upp á, því vegur var ekki lagður norður í Árneshrepp fyrr en árið 1965. Járnbrautarteinar voru notaðir til að flytja efnið í uppfyllinguna undir verksmiðjuhúsið, en því var ekið með handaflí neðan til úr fjallinu. Sitthvað gekk á við þá vinnu og ekki tolldu vagnarnir alltaf við teinana eins og eftirfarandi vísa ber með sér:

Veltist hann um með vagninn sinn,
vítis bölvaður djöfullinn.
Hábölvandi í hvert eitt sinn:
Helvítis djöfulsins andskotinn.

Verkamennirnir sem unnu að byggingu verksmiðjunnar bjuggu í Suðurlandinu, aflóga strandferðaskipi sem dregið var upp í fjöruna. Tilgangurinn með því var einnig sá að hafa stjórn á framburði árinna og vernda höfnina.

Fastir starfsmenn verksmiðjunnar voru um 60 og fjölmargir unnu að auki við söltunina. Einnig hafði fólk vinnu í mótuneytinu og á skrifstofunni. Fyrsta sumarið var nokkur skortur á hráefni en næsta áratuginn var næg síld í Húnaflóa og reksturinn gekk vel. En þegar síldin hvarf úr flóanum fór að halla



Djúpavík við Reykjarfjörð á Ströndum.

undan fæti. Þegar ljóst var hvert stefndi reyndu menn að bregðast við með ýmsum ráðum og á veturna gerðu íbúar þorsins út einn til tvo vélbáta til þorskveiða. Einnig var bræddur karfi í verksmiðjunni. Til að tryggja fólkinu atvinnu og halda því á staðnum kom helst til umræðu að breyta verksmiðjunni í frystihús en í það var aldrei ráðist.

Síldarævintýrinu lauk og vélarnar í Djúpavík þögnuðu árið 1954. Fólkið fór smám saman að tínast í burtu. Eftir stendur gríðarstór minnisvarði um síldarævintýrið sem hafði orðið mörgum að yrkisefni:

Þú ert draumur dagsins nýja,
Djúpavíkin kær.
Hamrar rísa á hendur báðar,
hlær við trylltur sær.

Hér skal tímans trú á máttinn
treysta vígi sín.
Meðan andinn erfnið mótar
afl í vélum hvín.

Í áratugi var fámennit í Djúpavík og tíminn setti mark sitt á byggingar. En árið 1985 hófst nýr upp-gangstími þegar gamli Kvinnabragginn var gerður upp og Hótel Djúpavík tók til starfa.

Enginn ætti að láta hjá líða að gefa sér góðan tíma í Djúpavík og skoða sig um. Þar er umhverfið ægi-fagurt og margt að sjá.

Bryggjuhátiðin á Drangsnesi

Íbúar Drangsness við Steingrímsfjörð halda hina árlegu Bryggjuhátið laugardaginn 19. júlí. Hátiðin er hin besta skemmtun sem hefst jafnan með dorgveiðikeppni yngstu kynslóðarinnar um morguninn.

Mörgum finnst sjávarréttasmakkið á frystihúsplaninu vera hápunktur hátíðarhaldanna, en þar standa grillmeistarar hreppsins og grilla grásleppur, saltfisk, krabba og önnur sjávarskrímsli handa gestum. Mynda- og sögusýningar eru jafnan í skólahúsinu og Bryggjuhátiðin endar með varðeldi við samkomuhúsið og dansleik fram á rauða nótt.

1897 Café Riis Hólmavík



Restaurant Bar – Pizza


Tilvalinn áningarstaður
á leið um Vestfirði

Tökum að okkur
veislur, afmæli, fundi,
ráðstefnur o.fl.

Opnunartími í sumar:
frá kl. 11:30 - 23:00 virka daga
frá kl. 11:30 - 03:00 um helgar

Café Riis

Kjfnarbraut 39 - 510 Hólmavík
Sími 461 3567 - Fax 461 3567
Netfang: riis.ljosmagn @isholf.is
Veffang: www.cafერიის.is



ÍSLANDBANKI

ÚTIBÚIÐ Á ÍSAFIRÐI

Hraðbankinn í Íslandsbanka
er opinn allan sólarhringinn!



—

100

Vestfirðir





Eyjan Vigur á Ísafjarðardjúpi

Vigur er næst stærsta eyja Ísafjarðardjúps. Þar er margt að skoða, fuglalíf er þar afar blómlegt og er eyjan þekkt fyrir mikla lundabyggð og mikið æðarvarp. Að auki á fjöldi annarra fuglategunda þar gríðland.

Margar minjar um forna lífshætti eru í Vigur. Þar ber að nefna gömlu vindmylluna sem er enn í góðu lagi. Báturinn Vigur-Breiður er um 200 ára gamall en hefur gengið í gegnum mikla endurnýjun. Í raun svo mikla að menn telja að síðasta upprunalega spýtan hafi verið fjarlægð fyrir einum fimmtán árum. Báturinn er prýðilega vel sjófær. Vegna fækkunar sauðfjár í eyinni er hætt að nota hann til að flytja féð upp á land til sumarbeitar en Vigur-Breiður var notaður til þeirra verka þar til fyrir fáum árum.

Veitingasala er í eyni. Þegar þangað er farið ganga menn í gegnum hið liðlega 140 ára gamla Víktoríuhús. Boðið upp á kaffi og meðlæti en ef áhugi er fyrir hendi geta eyjaskeggjar boðið ferðalöngum upp á lunda, fiskisúpur og fleira. Veitingasalan er með leyfi til að selja léttvín og bjór.

Daglega siglingar eru í eyna. Ný



Húsaþyrpingin í Vigur er að stofni til afargömul.

bryggja sem byggð var fyrir nokkrum árum hefur breytt miklu. Aðgangi er nú allt miklu betra, sérstaklega fyrir eldra fólk sem áður gat átt í basli með að komast úr skipi í land.



Göngumaður skrifar í gestabókina í Naustahvilt og letur þókuna ekki á sig fá.

Gestabók í Naustahvilt

Um árábil hefur gestabók verið komið fyrir á hverju vori uppi í Naustahvilt í Skutulsfirði. Gangan þangað upp er flestum auðveld – spurningin er bara að hver og einn taki þann tíma sem hann þarf til að labba upp. Sumir fara þangað einu sinni á sumri, blása svolítið á leiðinni en njóta þess að horfa niður á kaupstaðinn á Ísafirði á meðan þeir kasta mæðinni áður en þeir skrifa nafnið sitt í bókina. Aðrir hlaupa þangað upp nærfellt á hverjum einasta degi frá vori og fram í fyrstu snjó.

Naustahvilt er í fjallinu á mótum Ísafjarðarkaupstað handan fjarðarins, beint upp af ytri enda flugbrautarinnar á Ísafjarðarflugvelli. Lagt er af stað í gönguna nánast frá þeim stað þar sem Kirkjubólsefðgar voru brenndir á báli fyrir galdra árið 1656.

Uppi á blábrúninni er geysimikið bjarg með höggnum fangamörkum tveggja af kunnustu borgurum Ísafjarðar fyrir hundrað árum eða svo. En fangamörkin eru á hvolfi. Ástæðan er sú, að í Dalvíkurskjálftanum frá árið 1934 valt bjargið hálfa veltu og munaði ekki nema hársbreidd að það húræði alla leið niður.

En Naustahviltin er vissulega ekki eini staðurinn í gönguferðum á Vestfjörðum þar sem hægt er að kvitta fyrir komuna. Gefin hafa verið út gönguleiðakort fyrir ýmsar miserfiðar gönguleiðir í nágrenni Ísafjarðar. Í tengslum við þau hefur verið komið upp skiltum og gestabókum á nokkrum völdum stöðum og fleiri eru á leiðinni. Fáid kortin og nánari upplýsingar hjá Upplýsingamiðstöð ferðamála á Ísafirði.

VEG-gisting SUÐUREYRI



VEG-gisting er nýtt gistiheimili á besta stað á Suðureyri. Gistiheimilið er fjölskylduvænt og uppfyllir gæðakröfur hins almenna ferðamanns sem vill dvelja í rómantísku sjávarþorpi og upplifa bryggjumenningu og blómlegt mannlíf.

Við bjóðum uppá gjaldlausan kaupauka fyrir alla viðskiptavinum okkar og má þar helst nefna: frimíða í útisundlaug, reiðhjól, veiðistangir og leikföng fyrir börnin og margt fleira

Þjónustusími: 450 0000. gistiheimili@sudureyri.is www.sudureyri.is/gistiheimili

REYKHÓLAHREPPUR



Ferðafólk!

Verið velkomin í Reykhólahrepp
Upplýsingamiðstöð á Reykhólum,
sími 434 7830. Sundlaugin
á Reykhólum og tjaldstæði,

sími 434 7738
Verið velkomin á hlunninda-
sýninguna á Reykhólum



Hrafnseyri við Arnarfjörð

Í sumar er rekin menningar-tengd ferðaþjónusta á Hrafnseyri við Arnarfjörð, fæðingarstað Jóns Sigurðssonar forseta, eins og gert hefur verið í rúmlega 20 ár. Safn Jóns Sigurðssonar hefur verið starfrækt á staðnum frá 1980. Safnið er opnað formlega ár hvert á fæðingardegi Jóns Sigurðssonar, 17. júní, og er opið alla daga til loka ágúst. Safn forsetans samanstendur aðallega af myndum úr lífi og starfi Jóns og eiginkonu hans, Ingibjargar Einarsdóttur. Minningarkapella Jóns og endurgerður fæðingarbær hans, burstabærinn, eru hluti af safninu og gamla kirkjan er alltaf opin fyrir gesti staðarins.

Í burstabænum er rekin veitingasala yfir sumarið þar sem boðið er upp á kaffi og heimbakað meðlæti, súpu og brauð. Veitingar eru framreiddar á úti-palli fyrir þá sem þess óska, þegar sólin skín fyrir vestan. Hópar eru beðnir að panta með einhverjum fyrirvara. Í bænum eru einnig sýndir gripir frá Byggðasafni Vestfjarða, einkum frá 19. öld. Auk þess eru þar að jafnaði myndlistarsýningar ýmissa listamanna.

Safnvörður leikur á píanó öðru hverju allan daginn ljúfa tónlist eftir íslenska listamenn fyrir safn-

gesti í kapellunni í rólegu og af-slöppuðu andrúmslofti. Hann fræðir gesti í örstuttu máli um Hrafnseyri, Jón Sigurðsson og Hrafn Sveinbjarnarson, fyrsta lærða lækinn á Íslandi sem staðurinn er nefndur eftir.

Allir erlendir gestir fá afhenta litla bók með nokkrum vel völdum orðum um Jón Sigurðsson. Eru þær á dönsku, ensku og þýsku.

Viðamikil safnskrá á íslensku er seld á 200 krónur en í henni eru skýringar við allar myndir og gripi í safninu. Gestum er heimilt að setjast niður og hafa það huggulegt í baðstofu Jóns Sigurðssonar, sem kölluð er, á kapellulofti. Mjög gott aðgengi er fyrir hreyfihamlaða á staðnum.

Á liðnu sumri var haldið fyrsta Sumarskáknot Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri þar sem þrír efstu menn fengu góð verðlaun. Ætlunin er að endurtaka þetta í sumar.

Aðgangseyrir að Safni Jóns Sigurðssonar er 300 krónur fyrir fullorðna, 150 krónur fyrir ellilífeyrisþega og ókeypis fyrir börn og unglinga að 15 ára aldri. Með aðgöngumiða fylgir gestaþraut þar sem lagðar eru léttar krossa-spurningar um Jón Sigurðsson og staðinn fyrir gestina. 50 bóka-



Hrafnseyrarstaður.

verðlaun hafa verið veitt fyrir réttar lausnir. Dregið er í gestaþrautinni í desember ár hvert og verðlaunin send heim til vinningshafa.

Shell-söluskáli með bensín- og olíusölu og ýmsum ferðamanna-vörum er á Hrafnseyri. Vestfirski forlagið, umsvifamesta bókaforlag á Vestfjörðum, sem gefur svo

til eingöngu út efni sem tengist Vestfjörðum á einhvern hátt, á lögheimili á Hrafnseyri. Gestum er boðið upp á sérstök staðaraf-sláttarkjör af öllum bókum forlagsins.

Hrafnseyrarnefnd annast rekstur staðarins. Hún starfar á vegum forsætisráðuneytisins og sér um alla uppbyggingu á Hrafnseyri. Núverandi formaður nefndarinnar er Eiríkur Finnur Greipsson á Flateyri. Ábúendur á Hrafnseyri eru hjónin Guðrún Steinþórsdóttir og Hallgrímur Sveinsson. Þau sjá að öllu leyti um staðinn í umboði Hrafnseyrarnefndar og reka þar

sauðfjárbú.

Húsfreyja í burstabænum í sumar er Svandís Karlsdóttir en safnvörður Sigurður G. Daníelsson eins og undanfarin sumur. Mikil áhersla er lögð á snyrtimennsku og alúðlegt viðmót á Hrafnseyri og að gestir fari þaðan með góða tilfinningu fyrir fæðingarstað Jóns Sigurðssonar.

Heimasíða Jóns Sigurðssonar er www.hrafnseyri.is og er hún á íslensku, ensku, dönsku og þýsku. Netfang er jons@snerpa.is en sími og fax 456 8260. Sími húsfreyju í burstabæ er 896 8107 og símar safnvarðar 691 5747 og 456 8337.



Ævintýraheimur Breiðafjarðar



Ferjan Baldur - Skoðunarferðir - Veisluferðir - Hvalaskoðun



Sæferðir - Smiðjustíg 3 - 340 Styckishólmur - sími 438-1450 - Fax 438-1050
www.saeferdir.is - saeferdir@saeferdir.is



Úr veitingasalnum í burstabænum á Hrafnseyri.


Hnífsdalur

Hnífsdalur er við samnefnda vík í utanverðum Skutulsfirði, um fimm kílómetra frá Ísafirði. Hnífsdalur er dæmigert fiskiþorp sem óx upp í kringum útræði og fiskverkun og fólki fjölgaði þar mjög á áratugunum fyrir og eftir 1900. Íbúafjöldinn komst yfir 450 manns um 1920 en frá þeim tíma hefur farið fækkandi. Íbúar í Hnífsdal eru nú líðlega 300.

Í hugum margra er Hnífsdalur á síðari árum nánast hluti af Ísafirði, eftir að byggðirnar í Skutulsfirði sameinuðust í eitt sveitarfélag

undir nafni Ísafjarðarkaupstaðar fyrir nokkrum áratugum. Fiskiðnaður er enn helsti atvinnuvegur í Hnífsdal en margir sem þar búa sækja vinnu á Ísafirði.

Þó skal því ekki gleymt, að í Hnífsdal er heimilisfesti stærsta sjávarútvegsfyrirtækis á Vestfjörðum, Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf. Margir sem búsettir eru á Ísafirði sækja vinnu þangað, að ótöldum sjómönnum á skipum félagsins. Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf. rekur einnig rækjuverksmiðjuna í Súðavík.



Nátttröllin þrjú

Einu sinni voru þrjú nátttröll sem ætluðu að sneiða Vestfirði af Íslandi, með því að moka sund þar sem styst er á milli Breiðafjarðar og Húnaflóa. Til að hleypa í sig eldmóði ákváðu þau að keppast um að búa til sem flestar eyjar úr því efni sem til félli við moksturinn. Þau skiptu liði og hófust handa. Að vestanverðu mokuðu karl og kerling inn Gilsfjörð og hömuðust sem mest þau máttu. Breiðafjörðurinn er grunnur og því urðu eyjarnar eins og berjaskyr um hann allan. Að austanverðu fór allt miður. Bæði var tröllkerling sú er mokaði í Kollafirði ein að verki og Húnaflói miklu dýpri en Breiðafjörður svo flest það sem hún kastaði frá sér varð að blindskerjum sem síðan hafa gert Flóann hættulegan skipum.

Tröllin þrjú kepptust við alla liðlanga nóttina og ugðu ekki að sér fyrr en birta tók af degi. Þá tóku vestantröllin til fótanna og stikuðu hvað þau gátu yfir Steindalsheiði og út Kollafjörð í leit að felustað. En sólin kom upp og náði að skína á þau rétt innan við Kollafjarðarnes þar sem nú heitir Drangavík. Þar urðu þau að steindröngum þeim sem enn standa. Er annar drangurinn allur meiri um sig að ofan og mjókkar niður, og er það karlinn. Hinn er uppmjór og



Séð yfir Drangavík í Kollafirði á Ströndum. Vestantröllin tvö standa á sjávarbakkanum fyrir miðri mynd.

gildnar allur niður svo sýnist móta fyrir niðurhlut og jafnvel lærur. Er það kerlingin.

Skessan sem mokaði að austanverðu varð líka sein fyrir og gáði ekki að sér fyrr en birta tók. Stökk hún þá í snarhasti norður yfir Steingrímsfjörð og komst að klettabelti einu sem þar gengur í sjó fram og heitir Malarhorn. Varð henni þá

litið út yfir Húnaflóa og sá að eftir næturlangt stritið hafði henni ekki tekist að mynda eina einustu eyju, bara fáeina varphólma og smásker. Í reiði sinni tvíhenti hún reku sína og hjó henni í grellsköpum í Hornið um leið og sólin skein á hana. Við það sprakk úr Horninu fram á Steingrímsfjörð eyja sú myndarleg er Grímsey heitir. Er það eina stór-

eyjan sem skessunni tókst að mynda og segja menn að sama berg sé í eyinni og í Malarhorni og sé því augljóst að af því bergi sé hún brotin.

Við norðurenda Grímseyjar er háreistur klettur líkur nauti að lögun og heitir Uxi. Þann uxa átti kerling og stóð hann á Horninu þegar hún sprengdi það fram á

fjörðinn og dagaði uxann þar uppi. Kerlingin varð hins vegar að steindrangi þeim sem Drangsnes er kennt við og stendur á grasbala í norðanverðu þorpinu, rétt innan við Malarhornið.

[Úr *Ægishjálmi* eftir Magnús Rafnsson á Bakka í Bjarnarfirði].



FERÐAÞJÓNUSTUADILI Á VESTFJÖRÐUM

Ísafjörður - Hólmavík - Ísafjörður			Ísafjörður Patró Látrabjarg Ísafjörður		
Sun. þri. ös.		Sun. þri. ös.	Mán. mið. lau.		mán. mið. lau.
11:30	Ísafjörður	19:45	09:00	Ísafjörður	21:00
11:50	Súðavík	19:25	12:00	Ferjan Baldur	19:00
14:00	Reykjanes	17:15	13:10	Patró	18:00
15:15	Hólmavík	16:00	13:35	Örlygshöfn	16:30
			14:10	Látrabjarg	15:30

Hólmavík - Staðarskáli 1

Sun. þri. ös.		Sun. þri. ös.	Til AK.	Til REK.
09:00	Drangsnes*	15:30 (ös.)		
10:55	Hólmavík	15:00	Koma	
11:00	Brú	13:05		
11:00	Staðarskáli	13:00	11:15	13:10

Hólmavík - Staðarskáli 1

Sun. þri. ös.		Sun. þri. ös.	Til AK.	Til REK.
16:00 (ös.)	Drangsnes*			
18:00	Hólmavík	22:30	Koma	
19:55	Brú	20:35		
20:00	Staðarskáli	20:30	20:15	20:40

*Ferðir til Drangsnes eru á listadögum. 15:15 er brottfarartími frá Hólmavík og 16:00 frá Drangsnesi

Nánari upplýsingar í síma 893-6356 og 892-9751
BSÍ SÍMA 552-2300 og STJÖRNUBÍLUM SÍMA 852-2414



HÓPFERDABÍLAR
Sími 852 2414



HÓPFERDABÍLAR
Sími 853 0711

Einnig bjóðum við
upp á leigubíla
allan sólarhringinn.
Sími 456 3518

Fjölskylduferðir
Sérleyfisferðir
Djammferðir
Övissuferðir
Hópferðir

FERÐUMST ÓDÝRT

stjornubilar@stjornubilar.is

www.stjornubilar.is



Jökull og jarðfræðiundur

Kaldalón er eitt best geymda leyndarmál Vestfjarða. Ferðamannastraumur þangað hefur aldrei verið mikill en aðdráttarafl svæðisins er þeim mun meira. Eftir stutta göngu á jafnsléttu er komið að sjálfum Drangajökli. Við lónið, sem raunar er um 5 km langur fjörður, og í dalverpinu inn af því, má finna ýmsar bergtegundir, jökulgarða og surtarbrand. Áin Mórilla liðast um leirurnar eins og snákur og þverhníptir hamraveggirnir stara á gestina.

Bærinn Ármúli er rétt innan við Kaldalón. Þar bjó á sínum tíma héraðslæknirinn og tónskáldið Sigvaldi Kaldalóns. Ætarnafnið tók hann sér vegna þess hve hrifinn hann var af fegurð náttúrunnar á

þessum slóðum. Í Kaldalóni hefur verið reistur minnisvarði úr steini um þetta merka tónskáld.

Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar og Vesturferðir bjóða upp á ferðir í Kaldalón öll fimmtudagskvöld í sumar en siglt er frá Ísafirði að Bæjum á Snæfjallaströnd. Þaðan er ekið inn í Kaldalón og undir leiðsögn er gengið um og náttúrefugurðarinnar notið. Gengið er upp að jöklinum og saga staðarins rakin og tæpt á þjóðsögnum.

Að þessu loknu er kvöldverður framreiddur hjá Ingólfi og frú í Dalbæ á Snæfjallaströnd. Þar er áhersla lögð á séríslenskan mat og þjóðlegheit. Ferðin hefst klukkan 17 alla fimmtudaga en áætluð heimkoma er um tíuleytið. Nánari



Úr Kaldalóni. Fremst eru fornarnar jökulurðir en í baksýn skriður Drangajökull niður í dalbotninn.

upplýsingar og bókanir hjá Vesturferðum í síma 456 5111 eða á vefnum www.vesturferdir.is.

Íþróttamiðstöðin Árbær Bolungarvík



sími 456 7381



Ferðafólk!
Verið velkomið
til Bolungarvíkur

Opnunartími sundlaugar og íþróttasalar verður sem hér segir frá 10. júní 2003:

Mánudagar kl. 08:00-11:00 og kl. 13:00-21:00

Þriðjudagar kl. 13:00-21:00

Miðvikudagar kl. 08:00-11:00 og kl. 13:00-21:00

Fimmtudagar kl. 13:00-21:00

Föstudagar kl. 08:00-11:00 og kl. 13:00-21:00

Laugardagar kl. 10:00-18:00

Íþróttasalur og þreksalur eru opnir á opnunartíma sundlaugar

• **Ljósalampar: Sami leigutími og á opnunartíma sundlaugar**

• **Á sunnudögum verður sundlaugin sérstaklega upphituð fyrir ungabörn og „kulsækið fólk“**

Saunabað

Fimmtudagar
kl. 17:00-21:00
(konur)

Föstudagar
kl. 17:00-21:00
(karlar)

Laugardagar
kl. 13:00-15:30
(konur)

Laugardagar
kl. 15:30-18:00
(karlar)

Náttúrugripasafn

Bolungarvíkur


verður opið frá
kl. 09:00-12:00 og
frá kl. 13:00-17:00 á
virkum dögum og
frá kl. 13:00-17:00
á laugardögum og
sunnudögum
frá 15. júní til
15. ágúst 2003



Vestfjarðavíkingurinn 2003

Aflraunakeppnin Vestfjarðavíkingurinn er löngu orðin fræg um víða veröld. Hér takast á hrikaleguustu aflraunamenn Íslands í hinum ýmsu þrautum sem ekki eru á færi leikmanna.

Að þessu sinni verður keppnin haldin dagana 3.-5. júlí á ýmsum stöðum á Vestfjörðum. Meðal annars verður einn hluti hennar á Þingeyri á sumarhátíðinni Dýrafjarðardögum.



Stórfenglegustu sjávarbjörg og mestu fuglabjörg Íslands

Stórfenglegustu standbjörg Íslands og jafnframt mestu fuglabjörg landsins eru á Vestfjörðum – Látrabjarg, Hornbjarg og Hælavíkurbjarg. Látrabjarg, sem jafnframt er

vestasti oddi landsins, er stærsta sjávarbjarg landsins, um 14 km langt og vel á fimmta hundrað metra hátt þar sem það er hæst. Látrabjarg er eitt þéttsetnasta fuglabjarg heims. Þar iðar allt af



Hornbjarg. Mynd: Hjálmar R. Bárðarson.

fugli framan af sumri og hver stallur er settinn sem raðað sé á jötu. Áætlað hefur verið að um ein milljón fugla búi í bjarginu og mun annar slíkur staður vandfundinn. Stærsta álkubyggð heims er í Látrabjargi en þar verpa annars einkum lundi, fyll, langvía, svartfugl, stuttnefja og rita. Fuglarnir verpa í nánu sambýli í björgunum en þó eru ein eða tvær tegundir gjarnan ríkjandi í hverjum hluta bjargsins.

Að Látrabjargi undanskildu eru Hornbjarg og Hælavíkurbjarg mestu fuglabjörg landsins. Á vorin verpa þar fjölmargar tegundir bjargfugla og sjófugla. Einnig eiga aðrar tegundir fugla sér varpstaði í grasbölum og urðum sem myndast hafa ofan og neðan við björgin.

Þegar á heildina er litið er mestu svartfuglabýggð á landsins að finna

í Hælavíkurbjargi en Hornbjarg er talið helsti bústaður langvíu. Auk þessara fuglategunda má sjá stuttnefju, máva og ritu í milljónatali. Aðrar fuglategundir sem nefna má eru hvítmávur, álka, fyll, æðarfugl, svartbakur, hávella, toppönd, óðinshani, lundi og teista.


Hornbjarg og Hælavíkurbjarg umlykja Hornvík, Hornbjarg að austan en Hælavíkurbjarg að vestan. Vestan Hælavíkurbjargs er Hælavík en austan Hornbjargs er Látravík og þar er Hornbjargsviti.

Hælavíkurbjarg er þverhníptur hamraveggur sem rís í 258 metra hæð. Bjargið dregur nafn sitt af klettadrangi sem stendur upp úr sjónum framan við bjargið og heitir Hæll. Annar drangur við hlið hans heitir Göltur.

Nyrsta nef Hornbjargs heitir Horn og draga Hornstrandir nafn

sitt af því. Horn er jafnframt nyrsti tangi Vestfjarða og miðja Hornstranda en þar skiptast þær í Austur- og Vesturstrandir. Bjargið er þverhnípt í sjó fram og þar eru nokkrir háir tindar. Nær sá hæsti þeirra í 534 metra hæð í Kálfatindum. Annar frægur tindur er Jörundur sem rís í 423 metra hæð. Hornbjarg er hrikalegt ásýndum en þó er minni hætta að síga það en Hælavíkurbjarg þar sem bjargbrúnir eru lausari í sér.

Fuglabjörgin voru um aldir meðal helstu matarforðabúra fólksins á Vestfjörðum. Hagfræðileg nauðsyn þeirra er nú að mestu úr sögunni en þó er sigið eða gengið í þau á hverju ári. Einn af vorboðunum á Ísafirði eru bjargmenn sem koma með egg úr Hornbjargi og Hælavíkurbjargi og bjóða til sölu á torgum.



Horft af Hljóðabungu inn yfir Drangajökul. Jökulskerið til vinstri er Reyðarbunga. Þegar unnið var að kortagerð á þessum slóðum á árunum 1913-14 var sker þetta hulið jökli en fáum árum síðar fór að sjást í það eins og bak á reyðarbval. Þannig hlaut það nafn sitt. Ljósmynd: Hjálmar R. Bárðarson.

Drangajökull – fimmti stærsti jökull Íslands

Drangajökull er um 200 ferkílómetrar að stærð og fimmti stærsti jökullinn á Íslandi. Jafnframt er hann einn hinn sérstæðasti. Þar verða stundum stórbrotin framhlaup þegar skriðjökultungur brölta fram með ógnarkrafti, kross-

sprungnar og ægilegar. Jökullinn dregur nafn af hinni stórfenglegu hamrasmíð, dröngunum í Drangaskörðum á Ströndum. Tvö af jökulskerjunum (núnatökkunum) á Drangajökli eru alþekkt úr Áföngum Jóns Helgasonar –

Hljóðabunga og Hrolleifsborg. Á fyrri tímum voru alfaraleiðir yfir Drangajökul. Frægar eru ferðir bænda við Djúp sem sóttu rekavið á Strandir og drógu á hestum yfir jökul. Á síðustu árum eru ferðir á Drangajökul á vélsleðum vinsælar.

Aflið nýjustu upplýsinga

Það sem er rétt í dag er oft orðið úrelt á morgun. Ekki er heppilegt að vera með handbók eða upplýsingar frá því í fyrra eða jafnvel frá því á síðustu öld, þegar ferðast er um landið. Meira að segja upplýsingar sem liggja fyrir að vori geta verið orðnar úreltar þegar líður á sumar.

Veitingastaðir og gististaðir

koma og fara. Þó er meginreglan á Vestfjörðum að þeim fjölgi jafnt og þétt og þjónustan verði stöðugt fjölbreyttari. Upplýsingamiðstöðvar ferðamála kappkosta að hafa alltaf nýjustu upplýsingar, svo sem um vínveitingar, sértílboð og sérhæfingu. Spyrjist fyrir á upplýsingamiðstöðvunum og hafið allt á hreinu.

Rokk og reykur á Flateyri

Útihátíð undir nafninu Rokk og reykur verður haldin á Flateyri um verslunarmannahelgina eða dagana 1.-3. ágúst. Hér er fyrst og fremst um tónlistarhátíð að ræða en að henni stendur Önfirðingafélagið í Reykjavík. Þarna munu ýmsar hljómsveitir koma fram og rifjuð verður upp stemmningin á skemmtunum á Flateyri gegnum tíðina.

Haldnir verða dansleikir og pöbbakvöld og efnt verður til „reykgjörnings“ sem setur mark

sitt á nafn hátíðarinnar. Einnig má nefna varðeld, bakkasöng og ljósmyndasýningu.

Árleg sandkastalakeppni í Holti í Öfundarfirði verður á sínum stað 2. ágúst. Þar mætir alltaf mikill fjöldi fólks að taka þátt í skemmtilegri keppni þar sem sköpunargleðin ræður ríkjum.

Nánar verður greint frá einstökum dagskrárlíðum útihátíðarinnar á vefnum www.flateyri.is þegar nær dregur.



Hólmavík á Ströndum

Hólmavík er líflegt 400 manna kauptún við sunnanverðan Steingrímsfjörð á Ströndum. Helsti atvinnuvegurinn er sjávarútvegur og á staðnum er rekin fullkomin rækjuverksmiðja. Margvísleg þjónusta og verslun skiptir þó einnig miklu og vaxandi máli í atvinnulífinu.

Á Hólmavík er margt að sjá og skoða. Náttúrufegurð, fjölbreytt menningar- og mannlíf, golfvöllur, skemmtilegar gönguleiðir, handverk heimamanna, hestaferðir, frábær veitingastaður og bar og skemmtilegar sýningar eru meðal þess sem er í boði fyrir ferðamenn sem leggja leið sína þangað.

Tveir minnisvarðar eru á Hólmavík. Inni í þorpinu er minnismerki um Stefán frá Hvítadal á fæðingarárstað hans, en Stefán var fyrsti innfæddi Hólmvíkingurinn. Þá hefur Hermann Jónassyni, fyrrverandi þingmanni Strandamanna, verið reistur minnisvarði í Hermannslundi í landi Skeljavíkur, skammt utan Hólmavíkur.

Hólmavík er paradís fyrir unndur fagurrar náttúru. Þorpið stendur við sjóinn undir Kálfa-



Hólmavík við Steingrímsfjörð.

borgunum sem halda því undir sínum verndarvæng. Um Borgirnar er hægt að ganga eftir göngustíg sem hefur verið mjög vinsæll síðustu ár. Göngugarpar geta skráð nöfn sín í gestabók á hesta hjalla leið-

arinnar.

Elsta byggingin á Hólmavík er Riis-hús. Það var byggt árið 1897 af dönskum kaupmanni, Richard P. Riis. Þar er veitingastaðurinn og barinn Café Riis, þægilegur

staður í hjarta bæjarins. Húsið er glæsilega innréttað og býður upp á matseðil sem enginn ætti að verða svikinn af. Þá er oft gaman að kíkja þangað um helgar, fá sér í könnu og spjalla við heimamenn eða skoða myndasýningu sem sýnir mannlíf á Hólmavík.

Það orð hefur lengi farið af Strandamönnum að þeir kunni sitt-hvað meira fyrir sér í göldrum en aðrir. Á Hólmavík er hægt að heim-sækja Galdrasýningu sem er kynngimögnuð ferð um dularheima galdra og kukls. Á sýningunni er fjallað á faglegan hátt um galdramál 17. aldar á Íslandi og þjóðtrú Íslendinga.

Stutt er í aðra skemmtilega sýningu, Saudfé í sögu þjóðar, í félagsheimilinu Sævangi sem er 12 km sunnan við Hólmavík. Þar getur fólk fræðst um sögu íslensku sauð-

kindarinnar og búskap á Ströndum á skemmtilegri og lifandi sýningu, auk þess sem þar er hægt að fá sér kaffi og heimilislegt íslenskt meðlæti í notalegri kaffistofu.

Fyrir þá sem gista í tjaldi er gott tjaldsvæði rétt við Upplýsingamiðstöðina á Hólmavík. Þar geta ferðalangar einnig nálgast allar upplýsingar um afþreyingu á svæðinu.

Nóg er af annarri afþreyingu. Þannig er hægt að fara í stuttar eða langar hestaferðir með Strandahestum og golfáhugamenn geta farið í golf á nýu holi golfvelli í Skeljavík rétt fyrir utan Hólmavík.

Í stuttu máli er Hólmavík áfangastaður þeirra sem leita að friði og ró, skemmtilegu mannlífi, falglegri náttúru og nægri afþreyingu. Heimasíða Hólmavíkur er www.holmavik.is



FERJAN BALDUR Á BREIÐAFIRÐI

Sigling yfir Breiðafjörð er ógleymanleg ferð inn í stórbrotna náttúru Vestfjarða.

Sumaráætlun 2003:
Frá Stykkishólmi kl. 09:00 og kl. 16:00.
Frá Brjánslæk kl. 12:30 og kl. 19:30.

FERJAN BALDUR STYKKISHÓLMI
SÍMI: 438 1450 – FAX: 438 1050
BRJÁNSLÆK SÍMI 456 2020
Nauðsynlegt er að bóka tímanlega

Stöðugar endurbætur á Hótel Ísafirði

Talsverðar endurbætur voru gerðar á Hótel Ísafirði í vor. Þannig hafa veitingasalirnir tveir verið gerðir upp og eru nú orðnir sannkallaðir margnotasalir. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að gera þá sem best úr garði fyrir fundi og ráðstefnur.

SKG-veitingar sem annast veitingarnar á hótelinu leggja áherslu á léttu hádegisverðarstemningu með léttum og ódýrum réttum. Á kvöldin eru í boði fiskréttir unnir úr hráefni af svæðinu. Því er tilvalið fyrir ferðafólk að líta inn og smakka á því nýjasta og ferskasta sem Perlan Vestfirðir hefur að bjóða.

Fyrir nokkrum árum voru öll herbergin á annarri hæð Hótel Ísafjarðar tekin í gegn hátt og lágt auk þess sem hæðin var gerð reyklausa. Nú er röðin komin að fimmtu hæðinni þar sem verið er að gera fjögur ný herbergi og eitt stórt að auki. Óhætt er að segja að útsýnið sé stórkostlegt úr þessum herbergi-



Hótel Ísafjörður.

um. Í haust verður endurbótunum haldið áfram með því að bæta aðstöðuna á fyrstu hæðinni enn frekar.

Hótel Ísafjörður rekur einnig á sumrin Sumarhótelid í húsnæði heimavistar Menntaskólans. Þar er hægt að gista í svefnpokum eða uppþúnum rúmum og morgunverðarhlaðborð er í boði. Sumarhótelid er því sérstaklega vinsælt meðal fjölskyldufólks.

Vefur Hótel Ísafjarðar er á slóðinni www.hotelisafjardur.is



Velkomin til Hólmavíkur



Gisting á nýju tjaldstæði með leiktækjum úr rekaviði. Þaðan er upplagt að fara í dagsferðir norður Strandir, vestur í Djúp eða suður að Breiðafirði. Njótið útivistar á golfvöllinum, í fjörunni eða á merktum göngustígum. Skreppið á hestbak eða rennið fyrir lax. En umfram allt: Njótið þess að vera til í kvöldkyrrðinni. Það kostar ekkert.

Ínúítaþorp á „Grænenskum nóttum“ á Flateyri

Kalak, vínafélag Íslands og Grænlands, stendur fyrir „Grænenskum nóttum“ á Flateyri 10. til 14. júl í samvinnu við Önfirðingafélagið í Reykjavík og fleiri. Þar verður afar fjölbreytt skemmti- og menningardagskrá og meðal annars verður sett upp á Flateyri ínúítaþorp frá Nanortalik, vinabæ Ísafjarðarbæjar á Grænlandi.

Flateyri var einkum af tveimur ástæðum valin sem vettvangur þessarar Grænlandshátíðar. Annars vegar út frá því sjónarmiði að

fólk á landsbyggðinni eigi að fá að njóta grænlenkrar menningar en hins vegar vegna þess að helstu hugmyndasmiðirnir eru frá Flateyri. Formaður Kalak er Benedikta Thorsteinsson, fyrrverandi félagsmálaráðherra Grænlands. Hún segir að á hátíðinni muni fólk fá að kynna bæði gömlu og nýju í grænlenksri menningu.

„Ég skora á Íslendinga að skipuleggja sumarfrí sitt með hliðsjón af hátíðinni og fara vestur á firði í sumar og kynna grænlenksri

menningu og njóta þeirra fjölbreyttu skemmtiatriða sem boðið verður upp á. Þarna verður nóg um að vera jafnt nótt sem dag“, segir Benedikta.

Sönghópurinn Inngeratsiler kemur fram við messu á Flateyri þar sem séra Jonathan Motzfeldt, fyrrum landstjóri Grænlands og núverandi forseti þingsins, þjónar fyrir altari. Trúbadorinn Siggi Björns frá Flateyri mun sjá um íslenskt tónlistarframlag og leika ásamt hljómsveit sinni.

Í ínúítaþorpinu sem komið verður upp munu grænlenkskir gestir búa. Í þorpinu klæðast menn skinnfötum og sýna lífnaðarhætti Grænlandinga til forna, flá seli og gera að, grilla og selja. Þá verður hóp-urinn með tjöld, verkfæri og grænlenkskt handverk og skinnavörur til sýnis og sölu.

Haldin verða námskeið í kajaksmíði og landskeppni í kajakróðri milli Grænlands og Íslands. Grænlenkski listamaðurinn Miki Jacob-



Á „Grænenskum nóttum“ verður m.a. kennd smíði á kajökum.

sen, sem búsettur er í Kanada, sýnir málverk og flytur tónlist ásamt félögum sínum í sveitinni Appap Pappii. Nafnið mun útleggjast á íslensku sem „Stélfjöldur svartfugls“.

Fjölmarginn annað verður í boði á Grænenskum nóttum á Flateyri. Nánari upplýsingar um dagskrána má finna á heimasíðu Kalak, vínafélags Grænlands og Íslands – www.kalak.is

Fundu Drangsnesing- ar upp grásleppuna?

Drangsnes við Steingrímsfjörð er eina þéttbýlið í Kaldrananeshreppi. Gistingu er hægt að fá í Bæ, rétt innan við þorpið, en þar er bændagisting. Þar má einnig fá veiðileyfi í Kjarlavatn sem er ágætt silungsveiðivatn. Kaupfélag Steingrímsfjarðar rekur verslun í þorpinu og skammt frá er félagsheimilið Baldur. Þar er ágætt tjaldsvæði með góðri snyrtiaðstöðu.

Árið 1997 fannst heitt vatn á Drangsnesi. Nokkrum dögum eftir að vatnið fannst útbjuggu heimamenn það stað í fjörukambinum neðan við skólann og er öllum frjálst að njóta hans. Það er notalegt að sitja þar í heitu pottunum sem komið hefur verið fyrir í sjávarmálinu og horfa út á sjóinn.

Drangsnes dregur nafn sitt af miklum steindrangi í þorpinu sem kallast Kerling. Sá drangur er eitt þeirra trölla sem ætluðu fyrrum að

grafa Vestfirði frá meginlandinu og stofna þar sjálfstætt tröllaríki. Úti fyrir Drangsnesi liggur Gríms-ey, sem er stærsta eyja fyrir Ströndum. Þangað er ekki nema 10 mínútna sigling og eyjan státar af gríðarlega fjölbreyttu fuglalífi og gróðursæld. Í ferðum út í Grímsey vinnur lundinn oft en ekki hug og hjörtu gesta.

Byggðin á Drangsnesi er fremur ung og þéttbýli tók ekki að myndast fyrr en um 1925. Drangsnes er útgerðarbær og afkoma íbúanna þar hefur grundvallast á sjósókn og fiskvinnslu. Í þorpinu eru ekki góð hafnarskilyrði, en byggð var lífhöfn í Kókkálsvík, nokkuð innan við þorpið. Grásleppuvertíðin á vorin er mikill stemningstími á Drangsnesi og Strandamenn segja stundum í gamni að Drangsnesingar hafi fundið upp grásleppuna.

Sveitarfélögin á norðanverðum Vestfjörðum

Sveitarfélagið Ísafjarðarbær varð til árið 1996 við sameiningu sex sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum. Þessi sveitarfélög voru Ísafjarðarkaupstaður, Suðureyrarhreppur, Þingeyrarhreppur, Flateyrarhreppur, Mosvallahreppur í Öfundarfirði og Mýrahreppur í Dýrafirði.

Nýja sveitarfélagið er afar fjölbreytilegt og víðlent og nær allt suður í Arnarfjörð. Íbúafjöldinn er á fimmta þúsund manns. Þar eru fimm þéttbýliskjarnar auk sveitabyggða og atvinnugreinarnar spanna allt frá frumframleiðslu til hátækni. Hvert byggðarlag í Ísafjarðarbæ hefur sín sérkenni sem

reynt er að varðveita.

Reyndar eru það sjö gömul sveitarfélög sem mynda núverandi Ísafjarðarbæ. Fyrir rúmum þrjátíu árum sameinuðust Ísafjarðarkaupstaður og Eyrarhreppur, sem átti land báðum megin við kaupstaðinn. Þéttbýliskjarninn í Eyrarhreppi var gamla sjávarþorpið Hnífsdalur.

Nú eru aðeins tvö sveitarfélög á norðanverðum Vestfjörðum auk Ísafjarðarbæjar. Það eru Bolungarvíkurkaupstaður og hinn geysivíðlendi en ekki að sama skapi fjölmenni Súðavíkurreppur, þar sem miðstöðin er hin sumarfraga Súðavík við Álfafjörð.

MARLIN blautbúninga fyrir sjósportlið

Gúmmibátáðjónustan ehf.
Grænagarði • Sími 456 5314

Prófaðu PRIMUS

PRIMUS er próteinþrykkur, kjörinn fyrir íþróttafólk og eldra sem þjálfa markvæst. Fólk sem stundar reglubundnar æfingar þarf að viðhalda stærðsemi vöðva og byggja þá upp eftir erfiðar líkamsæfingar og hefur þá mein próteinþorpi en kynsmáttók.

PRIMUS heitir þó einnig kynsmáttók og þessu sem ekki stundar reglubundnar æfingar þá hefur innihaldið stórn hluta næðsþýkna óleigðarhluta af próteinum, vöðvum, stein-efnum og trefjum.

PRIMUS er ríkur af mýsapróteini, sem þýkur öðrum próteinum líkinda til uppbyggingar á vöðvum.

PRIMUS inniheldur 28-71% af ræðigubum daglegumhluta vöðva og stein-efna.

PRIMUS uppfyllir 35% af daglegri þörf af trefjum.

PRIMUS inniheldur öll næringin og basistefni sem líkaminn þarfnast. Úr vinnuþessu mál- vöðum og getur þessu komið í staðinn fyrir stórkjör málsvæði.


PRIMUS hefur inni þarfarþessu vöðva og skilnaðarþessu.

PRIMUS er góður kostur fyrir fólk á öllum aldri sem vill stuðla að bettari heilsi og aukinni vöðva.

Væðir þessu að góðar

MJÓLKURSAMLAG ÍSFIRÐINGA

...vertu í þínu besta formi
www.Primus.is



Bolungarvíkurkaupstaður
Ráðhúsinu við Aðalstræti

Bolungarvíkurkaupstaður býður ferðamenn velkomna í verbúðina Ósvör við Bolungarvík.

Umsjónar- og leiðsögumaður með safninu er Geir Guðmundsson í síma 456 7172.

Dá minnum við á fagra leið um Þyðridal og Skálavík vestan við Bolungarvík.



Velkomin til Tálknafjarðar
Vatnsrennibraut og vaðlaug fyrir krakka
Upplýsingamiðstöð á staðnum

Tjaldstæðið á Tálknafirði er á kyrrlátum stað við glæsilega 25 metra útisundlaug, og býður upp á:

- Aðgang að inni- og útisalernum.
- Aðstöðu fyrir húsbíla.
- Aðgang að þvottavél.
- Heitt og kalt vatn utan- og innanhúss.
- Leiktæki.
- Umhverfi, sem býður upp á lengri og skemmri gönguferðir um fjöll og fjörur og allt þar á milli.
- Svefnþokagistingu með aðgangi að eldhúsi.

Tálknafjörður

– góður heim að sækja á leið um Vestfirði



Gistihús og veitingastaður
í Vatnsfirði

• Bensinstöð á staðnum • Tjaldstæði



Sími 456 2011 - Faxe 456 2053

netfang: flokalundur@flokalandur.is



Saltfiskur þurrkaður á fiskreit í Neðstakaupstað á Ísafirði. Krambúðin snýr gafl í að reitnum en fjær er Tjörubúsið þar sem veislurnar eru haldnar.

Fjórar sjávarréttaveislur á vegum Byggðasafns Vestfjarða

Í sumar eru haldnar fjórar sjávarréttaveislur í Tjörubúsinu í Neðstakaupstað á Ísafirði á vegum Byggðasafns Vestfjarða. Í fyrra-sumar hélt safnið stóra saltfiskeveislu í tilefni þess að 150 ár voru liðin frá stofnun Ásgeirsverslunar, sem á sínum tíma var langstærsti útflytjandi saltfisks frá Íslandi. Þar var boðið upp á hlaðborð með saltfiskréttum sem valdir matgæðingar úr hópi leikmanna lögðu til, lifandi tónlist var leikin undir borðum auk þess sem stutt erindi voru flutt um sögu saltfiskvinnslunnar og Ás-

geirsverslunar. Óhætt er að segja að þetta hafi slegið í gegn, húsið var fullt út úr dyrum og stemmningin einstök.

Því hefur verið ákveðið að endurtaka leikinn og halda ekki aðeins eina veislu í sumar heldur fjórar. Einnig verður hlaðborðið próað nokkuð, ekki síst í ljósi þess að nú eru liðin rétt 80 ár frá upphafi rækjuveiða við Ísland. Það upphaf má einmitt rekja til Ísafjarðar. Það þykir því við hæfi að bjóða upp á rækjurétti samhliða saltfiskinum og væntanlega verður fleira sjávar-

fang á borðum.

Fyrsta sjávarréttaveisla sumarsins í Neðstakaupstað verður laugardaginn 28. júní. Hún verður með svipuðu sniði og í fyrra, þannig að valdir verða nokkrir kunnir alþýðukokkar til að útbúa hlaðborðið. Hinar veislurnar þrjár verða laugardagana 12. júlí, 26. júlí og 9. ágúst en þar er reiknað með að atvinnumenn fái að spreyta sig við matseldina. Allur saltfiskur sem notaður er í þessum veislum er sölþurrkaður á fiskreitum Byggðasafns Vestfjarða.

Rækjuhátíð haldin á Ísafirði

Rækjuhátíð verður haldin á Ísafirði dagana 7.-10. ágúst. Tilefnið er að nú eru 80 ár liðin frá upphafi rækjuveiða hérlandis en Ísafjörður er vaggja rækjuveiða og rækjuveiðnaðar á Íslandi. Rækjuveiðar voru fyrst stundaðar hér við land í Ísafjarðardjúpi og um áratugaskeið var rækja einungis veidd í Djúpinu. Eins og að líkum lætur var fyrsta rækjuverksmiðjan á landinu sett á stofn á Ísafirði.

Ef vel tekst til með hina fyrstu Rækjuhátíð er ekki að vita nema hún verði árlegur viðburður á Ísafirði. Hátíðin er samvinnuverkefni fjölmargra aðila í tengslum við sjávarútveg, Byggðasafns Vestfjarða, ferðaþjónustufólks og veit-

ingamanna.


Í Byggðasafninu verður sýning um sögu veiða og vinnslu á rækju og verður hún opnuð um miðjan júlí. Meginþungi dagskrár Rækjuhátíðar verður hins vegar á hafnar-svæðinu á Ísafirði. Að auki verða í boði fjölbreyttir rækjuréttir á veitingahúsum bæjarins og ýmsum fróðleik um rækjuveiðina miðlað.

Á öðrum degi hátíðarinnar, föstudaginn 8. ágúst, er ráðgert að bátur landi rækju við Ásgeirsbakka á Ísafirði og hún verði síðan soðin í stórum potti á Byggðasafninu. Sýnikennsla verður í rækjupillun en síðan verða útbúnaðar sósar fyrir gesti að hafa með nýsoðinni rækjunni. Einnig verður sýnd kvikmynd

um rækjuveiðar sem gerð var fljótlega upp úr 1930.

Laugardaginn 9. ágúst verður „hafnardagur“ við Ísafjarðarhöfn með margvíslegum dagskrárlíðum. Fyrirtæki á svæðinu efna til sjávarfangsveislu og opið hús verður í sjávarútvegsfyrirtækjum. Jafnframt gefst fólki kostur á að skoða rækjubáta. Í Byggðasafninu verður saltfiskeisla með mismunandi útfærslum af rækjuforréttum.

Dagskrá Rækjuhátíðar á Ísafirði 2003 er enn í mótnun í smærri atriðum þegar þetta blað fer í vinnslu. Nánari upplýsingar má fá þegar nær dregur meðal annars í Upplýsingamiðstöð ferðamála í Edinborgarhúsinu á Ísafirði, sími 456 5121.



Frá gömlu byggðinni í Súðavík.

Súðavík og Súðavíkurhreppur

Súðavík er við vestanverðan Álfafjörð sem gengur inn úr Ísafjarðardjúpi. Álfafjörður er næsti fjörður innan við Skutulsfjörð og vegalengdin milli Ísafjarðar og Súðavíkur um fimmtán kílómetrar. Um miðjan síðasta áratug aldarinnar sameinuðust þrír hreppar við Ísafjarðardjúp og heita nú einu nafni Súðavíkurhreppur. Hann er eitt af víðlendustu sveitarfélögum landsins.

Náttúrufar er fjölbreytilegt og aðstæður til náttúruskoðunar eru ákjósanlegar. Ströndin er mjög vogskorin og um marga fallega firði við Djúpið að fara.

Ísafjarðardjúp á sér merka atvinnusögu. Segja má að upphaf stóriðju á Íslandi hafi verið í Reykjanesi við Djúp, þar sem saltvinnsla í stórum stíl hófst um 1780 en orkulindin var heita vatnið úr jörðinni. Árið 1933 hóf Þjóðverjinn Ernst Fresenius ræktun matjurta við jarðhita í Reykjanesi og var frumkvöðull á sínu sviði hérlandis.

Norskir hvalfangarar námu land

við Djúp í lok 19. aldar og reistu verksmiðjur á fjórum stöðum á því svæði sem nú tilheyrir Súðavíkurhreppi. Segja má að hvalveiðarnar við Djúp hafi verið stór- iðja þess tíma.

Árið 1913 hófu Súðvíkingar fyrstir Íslendinga hrefnuveiðar en upphafsmaðurinn var Þorlákur Hinrik Guðmundsson, sem var landskunnur undir nafninu Hrefnu-Láki.

Útgerð var mikil við Ísafjarðardjúp. Sjór var sóttur frá nærfellt hverjum bæ enda var Djúpið nefnt Gullkistan. Einkum er mikil útgerðarsaga tengd verstöðvunum Ögurnesi og Folfafeti.

Árið 1995 féllu snjóflóð á byggðina í Súðavík og ollu miklu manntjóni og eignatjóni. Eftir það var byggðin flutt í land Eyrardals, um hálfum öðrum kílómetra innar í firðinum. Húsin í gömlu byggðinni eru nýtt til sumardvalar. Nú er í Súðavík einhver fullkomnasta rækjuvinnsla landsins. Íbúar í Súðavík eru um 200 en í öllum Súðavíkurhreppi um 250.

Dýrafjarðardagar fyrstu helgina í júlí

Dýrafjarðardagar verða haldnir á Þingeyri og víðar um Dýrafjörð fyrstu helgina í júlí eða frá föstudegi til sunnudags. Dýrafjarðardagar voru haldnir í fyrsta sinn í fyrra og tókust með ágætum.

Föstudagskvöldið 4. júlí syngur Þorvaldur Halldórsson á tónleikum í Mýrakirkju í Dýrafirði. Þá verður einnig opnuð listsýning í Hallargarðinum á Þingeyri.

Dagana á eftir rekur hver viðburðurinn annan. Má þar nefna ferð á söguslóðir Gísla Súrssonar, hestaferðir, sjóferðir og sjóstangaveiði, auk þess sem fjölbreytt affreying verður fyrir börnin. Að kvöldi laugardagsins verður strandveisla úti á Þingeyrarodda þar sem grillað verður og etið við varðeld undir ýmsum atriðum til skemmtunar og fróð-



Glaðværir ungir veiðimenn á Dýrafjarðardögum 2002.

leiks. Þar á meðal verður tískusýning víkingabúninga, margháttaður söngur, ágríp af sögu Dýrafjarðar og dans í lokin.

Gert er ráð fyrir að á Þingeyri

rísi myndarlegt tjald sem hýsi sölubása með listmuni og veitingar. Dagskrána má finna í einstökum atriðum þegar nær dregur á vefnum www.thingeyri.com

SUMARHÚS OG GISTIHEIMILI Í SÚÐAVÍK SÚÐAVÍK SUMMERHOUSE AND GUESTHOUSE

Fullbúin sumarhús og íbúðir með svefnpláss fyrir 4-12 manns. Í hverri íbúð er vel útbúið eldhús með öllum algengum raftækjum, sjónvarp, útnarp, sængur og koddar. Uppbúin rúm ef óskað er.



Súðavík er 230 manna sjávarþorp á norðanverðum Vestfjörðum. Súðavíkurhreppur er víðfemur og náttúruferuð er mikil. Margar góðar gönguleiðir eru á svæðinu og stutt er til Ísafjarðar og nágrennabyggða.

Fully equipped apartments and summerhouses with beds for 4-12 people. Each apartment has cooking facilities, a refrigerator, television, radio, bedspreads and pillows. Made up beds if required.



Súðavík is a small village located in the peaceful surroundings of Álfafjörður, only a 15 minutes drive from Ísafjörður, the capital of the 'West Fjords'. The village is nestled between high mountains facing the ocean. A beautiful, unspoiled region, ideal for nature lovers.



Sumarbyggð hf.

Nesvegji 3 • 420 Súðavík
TEL 354 456 4085 • GSM 881 4085
FAX 456 566 • NETT sumarbyggjo@rudar.is

Kajakfatnaður frá



Gúmmibátþjónustan ehf
Grænagarði • Sími 456 5314

Bensínstöðin Ísafirði

Opið frá kl. 7:30 til 23:30 virka daga.

Laugardaga kl. 09:00 til 23:30

Sunnudaga kl. 10:00 til 23:30

Sjálfsali eftir lokun

**SAMLOKUR • ÍS • VEIÐIVÖRUR
GRILL • KOL OG MARGT ANNAÐ**

Bensínstöðin Ísafirði, sími 456 3574



Siglingadagar við Ísafjarðardjúp

Siglingadagar verða haldnir á Ísafirði og víðar við Ísafjarðardjúp 18. til 27. júlí og verða þá margháttaðir viðburðir í boði, einkum um helgarnar tvær á þessum tíma. Markmiðið nú eins og áður er að stefna saman áhugafólki um siglingar af hvaða tagi sem er og jafnt hér á landi sem erlendis.

Ástæðan fyrir því að mótið er haldið við Ísafjarðardjúp er einföld. Í nágrenni Ísafjarðar eru stórkostleg svæði til hvers konar siglinga, lygnir eyðifirðir, eyjar og ríkulegt fuglalíf og mikið um sjávarspendýr. Hátíðin hefur dafnað mjög milli ára þar sem áhugi á hvers konar sjósporti hefur vaxið mikið á Íslandi. Siglingadagarnir í sumar verða veglegri en nokkru sinni fyrr.

Kajakíþróttir verða fyrirferðarmiklar á Siglingadögum. Leiga verður starfrækt alla dagana. Þá verða sýningar og tvær tveggja daga ferðir, önnur í Jökulfirði en hin að Folfæti, í Ögur og út í Vigur. Einnig verður keppt á kajökum á Pollinum á Ísafirði, bæði í karlaflokki og kvennaflokki og á vegalengdunum 3,5 km og 10 km. Námskeið í sjókjaksiglingum verða í boði hjá reyndustu kajak-ræðurum Íslands.

Hraðbátarall verður haldið á Pollinum á Ísafirði. Fyrri sunnudagurinn á Siglingadögum verður Siglingadagur fjölskyldunnar. Þar verður allri fjölskyldunni boðið að fara á sjó á einn eða annan hátt, hvort sem það er á kajak, seglbát, sjóskíðum eða hver veit hvað.

Haldin verður svokölluð sjóþrótt-fjórþaut, bæði fyrir karla og konur. Keppni hefst með því að menn róa á kajökum úr fjörunni við Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði yfir að Ásgeirsbakka. Þar varpa þeir sér í sjóinn og synda að bakkanum og klifra upp fríholtið. Þá hlaupa keppendur yfir að smábátahöfninni þar sem þeir hoppa aftur í sjóinn

og synda út að fleka í höfninni. Þar komast þeir á sjópotur og fara á þeim í endamark á Pollinum.

Meðan á Siglingadögum stendur verður haldið hið gamalfræga „Bátaball“ í Ögri í Ísafjarðardjúpi. Þar er í boði rabbarbaragrautur og rjómi í hléi að gömlum sið. Auk ofangreindra viðburða verða dansleikir á skemmtistöðum og veitingahúsin bjóða upp á sérstaka matseðla. Tvö skemmtiferðaskip verða í höfn seinni helgina.

Meðan á Siglingadögum stendur verður haldið hið gamalfræga „Bátaball“ í Ögri í Ísafjarðardjúpi. Þar er í boði rabbarbaragrautur og rjómi í hléi að gömlum sið.

Auk ofangreindra viðburða verða dansleikir á skemmtistöðum og veitingahúsin bjóða upp á sérstaka matseðla. Tvö skemmtiferðaskip verða í höfn seinni helgina.

Óshlíðarhlaupið í tíunda sinn

Óshlíðarhlaup verður þreytt í tíunda sinn 29. júní. Vegalengdir verða þrjár eða hálfmaraþon, 10 km og 4 km. Í hálfmaraþoni er ræst í Bolungarvík og hlaupið um Óshlíð, Hnífsdal og Eyrarhlíð til Ísafjarðar. Leiðin er mjög fjölbreytt og skemmtileg fyrir hlaupara. Ekki spillir að hún er jafnframt ægífögur og í góðu skyggni sést inn allt Ísafjarðardjúp.

Tíu km eru ræstir í Hnífsdal og hlaupið um Eyrarhlíð, inn

Skutulsfjarðarbraut og aftur til Ísafjarðar. Skemmtiskokkarar sem hlaupa 4 km eru ræstir á Silfurtorgi og hlaupa eftir Skutulsfjarðarbraut á Ísafirði.

Mark í öllum vegalengdum er á Silfurtorgi á Ísafirði og þar myndast oft skemmtileg stemning að hlaupi loknu. Hlaupið er fyrir löngu orðið einn af föstum liðum í dagskrá sumarsins á Ísafirði. Nánar á www.swim.is/ hlaup/

Sæluhelgin á Suðureyri

Sæluhelgin á Suðureyri er kölluð þjóðhátíð Súgfirðinga. Í ár verður hún haldin dagana 10.-13. júlí og verður að mestu leyti með hefðbundnu sniði, þó að alltaf bætist eitthvað nýtt við á hverju ári. Forsvarsmenn Sæluhelgarinnar eru sem endranær hinir þjóðkunnu Mansavinir á Suðureyri.

Hátíðin hefst eins og venjulega með fjallgöngu á fimmtudegi og næstu dagana rekur hver viðburðurinn annan: Mansaveiðikeppnin, kajakleiga, fjölskylduferðir og bæði skipulagðar og óvæntar skemmtanir. Nóg verður af leiktækjum fyrir börnin.

Eins og undanfarin ár var efnt

til samkeppni um Sæluhelgarlagið 2003. Sjö lög bárust en sigurvegari varð trúbadorinn Einar Örn Konráðsson. Snorri Sturluson sjómaður og hagyrðingur á Suðureyri aðstoðaði hann við textagerðina.

Nánari upplýsingar um dagskrá Sæluhelgar á Suðureyri birtast á vefnum www.sudureyri.is.

Tónlistarhátíðin „Við Djúpið“

Tónlistarhátíð og námskeið undir nafninu „Við Djúpið“ verður á Ísafirði og í Bolungarvík dagana 19.-23. júní. Aðalskipuleggjendur hátíðarinnar eru þau Pétur Jónason gítarleikari og Guðrún Birgisdóttir flautuleikari en auk þeirra koma fram Jónas Ingimundarson píanóleikari og Ólafur Kjartan Sigurðarson baritonsöngvari.

Þau eru öll löngu landsþekktir og reyndir tónlistarmenn og munu kenna í báðum bæjarfélögunum. Einnig halda þau ferna stórtónleika auk þess sem haldnir verða minni tónleikar, nemendatónleikar og aðrar uppkomur og skemmtanir.

Meðan á hátíðinni stendur verður farið í gönguferðir eða bátsferðir eftir atvikum og leitast við að

kynna Djúpið fyrir þátttakendum. Hátíðin er haldin í samvinnu við Ísafjarðarbæ, Bolungarvíkurkaupstað, Tónlistarskóla Ísafjarðar, Tónlistarskóla Bolungarvíkur og Edinborgarhúsið á Ísafirði. Menningarsjóður, sem er í umsjá Listahátíðar í Reykjavík, styrkir tónlistarhátíðina Við Djúpið.





Fyrirtaks ferðafélagar


Sögukort

Fyrir þá sem
vilja þekka
sögu lands
og þjóðar



Kortabók Íslands - Ferðakort - Flórðungskort

Ómíttandi 1 bláinn



Fuglakort

Myndir af öllum
Íslenskum fuglum

Sæfellsnes - Fljallabak - Lönsöræfi


Nákvæmt kort með aksturs- og gönguleiðum

Þjóðvegabækur AB

Jón R. Hjálmarsson

Þjóðsögur við þjóðvegin

Gættir ferðalegið
að sannkölðuðu
ævintýri



Leiðsögn um Mývatn og Mývatnssveit

Eftir Helga Guðmundsson
Litill og afar handhæg bók



Íslendingasögur við þjóðvegin

Nýttarleg vegahandbók þar sem
þjóðarsöfnum lifnar við



Átök og ófríður við þjóðvegin

Stórskáttur verða ljóslitandi
í fríðveldi náttúrunar



Nokkur helstu söfnin

Sjóminjasafnið í Neðstakaupstað á Ísafirði

Yfirgripsmikið sjóminjasafn í „Turnhúsinu“, einu fjögurra gamalla og uppgerðra húsa í „Neðstakaupstað“ á Skutulsfjarðareyri (gamla bænum á Ísafirði). Neðstikaupstaður er best varðveitta þyrping timburhúsa frá síðari hluta 18. aldar hér á landi. Þar voru bækistöðvar erlendra kaupmanna en nú eru þar safngripir innandyrá og utan.

Neðstikaupstaður er fjögur hús sem voru friðlýst árið 1975. Turnhúsið var reist árið 1784 og var notað sem pakkhús og fiskverkunarhús. Annað gamalt pakkhús er Tjöruhúsið sem er jafnframt elsta húsið í þessari þyrpingu eða frá 1751. Hin tvö húsin eru Krambúðin frá 1751 og Faktorshúsið sem var reist árið 1765 sem íbúðarhús verslunarstjórans (faktorsins).

Bæjar- og héraðsbókasafnið – Héraðsskjalasafnið á Ísafirði

Skjala-, bóka- og ljósmyndageymslur í Gamla sjúkrahúsinu á Eyrartúni á Ísafirði. Safndeildir eru á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri, auk minni deilda á Hrafnseyri, Höfða í Dýrafirði, á Ingjaldssandi og í Holti í Önundarfirði.

Listasafn Ísafjarðar

Listasafnið var stofnað árið 1983 og á nú um 100 listaverk. Ætlunin er að setja upp myndlistarsýningu í Gamla sjúkrahúsinu á Ísafirði sem búið er að lagfæra að mestu leyti og verður framvegis Safnahús Ísafjarðar. Sum listaverk safnsins eru til sýnis víðs vegar um bæinn.

Ósvör í Bolungarvík

Endurgerð verbúð, hjallur, salthús, spil, fiskreitir og sexæringur frá seinni hluta 19. aldar (lokum árabátatímabilsins). Staðurinn ber með sér blæ liðinna tíma og geysifróður leiðsögumaður segir frá og gerir safnið hið líflegasta. Safngripir eru bæði innan dyra og utan. Inni eru gögn og búnaður sem tilheyra tímum árabátanna, eins og skinnklæði sjómanna og ýmis verkfæri og munir sem voru nauðsynlegir vermönnum til daglegra nota. Geir Guðmundsson safnvörður er oft í skinnklæðum og fiskur hangir í trönum.

Vigur í Ísafjarðardjúpi

Eyjan Vigur er víðfræg enda má segja að hún sé eitt allsherjar safn. Einn bóndi er í Vigur ásamt stórfjölskyldu sem stundar hefðbundinn búskap og æðardúntekju. Í Vigur má finna einu vindmyllu landsins. Þar er hið vel þekktá Viktoríuhús frá 19. öld sem nýlega hefur verið endurbætt og nýtist nú ferðamönnum. Vesturferðir sjá um skipulagningu á ferðum út í Vigur. Farið er daglega frá Ísafirði á sumrin.

Minjasafn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri

Jón Sigurðsson forseti fæddist á Hrafnseyri 17. júní 1811 en hann varð einn helsti fræðimaður þjóðarinnar og jafnframt forystumaður í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Á Hrafnseyri er ljósmyndasýning um líf og starf Jóns, endurgerður fæðingarbær hans (burstabær) og þar er einnig að finna gripi, bækur, myndir og aðra markverða hluti úr eigu hans. Kaffi og með því í notalegu umhverfi.

Minja- og flugminjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti

Fjölbreytt minjasafn að Hnjóti í Örlygshöfn við sunnanverðan Patreksfjörð, þar sem áhersla er lögð á atvinnutæki fyrri tíma til lands og sjávar á sunnanverðum Vestfjörðum, verkfæri, veiðarfæri og búsáhöld. Sagan um lífsbaráttu genginna kynslóða og frumherja þess nýja er sögð í máli, myndum og hlutum úr fortíð og fram á okkar daga. Einnig er á

staðnum stórmerkilegt flugminjasafn opnað var árið 2000. Kaffiveitingar og minjagripabúð.

Melódíur minninganna – tónlistarsafn á Bíldudal

Safnið Melódíur minninganna á Bíldudal var opnað í júní 2002. Safnið hefur að geyma tónlist og muni og myndir úr lífi margra þekktra og virta tónlistarmanna á 20. öld. Hinn vinsæli söngvari Jón Kr. Ólafsson á Bíldudal hefur komið þessu safni upp af mikilli eljusemi.

Alþjóðlega dúkkusafnið á Flateyri

Brúðusafnið er einn af fyrstu vísunum að nýju safni á Flateyri eftir að minjasafnið þar eyðilagðist í snjóflóðinu árið 1995. Safnið er gjöf þýskra hjóna, sem búsett eru í Berlín. Að hluta til er safninu ætlað að styðja við ferðaþjónustu á Vestfjörðum en öðrum þræði er það tákn fyrir hinar fjölmörgu þjóðir sem eiga fulltrúa sína á Vestfjörðum. Brúðurnar eiga sinn þátt í því að tengja saman ólíka menningarheima og stuðla að skilningi og vináttu milli þjóða.

Safn Samúels Jónssonar í Selárdal

Í Brautarholti í Selárdal við Arnarfjörð bjó listamaðurinn með barnshjartað, Samúel Jónsson (1884-1969). Hér má sjá húsagerðarlist og höggmyndir hins sjálfmenntaða listamanns. Ein og yfirgefin heyja verk hans erfiða varnarbaráttu við náttúruöflin. Þarna getur að líta minjar um stórmerkilega listiðkun hans og húsagerð sem vekur undrun og aðdáun þeirra er staðinn sækja heim. Stofnaður hefur verið félagsskapur sem hefur það að markmiði að varðveita verk Samúels, sem eru flest úr steinsteypu og því farin að láta á sjá.

Náttúrugripasafn Bolungarvíkur – Náttúrustofa Vestfjarða

Um leið og Náttúrustofa Vestfjarða var opnuð í Bolungarvík vorið 1998 var opnað glæsilegt náttúrugripasafn í samtengdu húsnæði. Safnið er hið fyrsta sinnar tegundar á Vestfjörðum en sýningar­salurinn er yfir 300 fermetrar og góð aðstaða til að taka á móti hópum. Náttúrugripasafnið í Bolungarvík er tileinkað minningu Steins Emilssonar jarðfræðings, sem lengi var skólastjóri í Bolungarvík. Steinasafn hans er uppistaðan í steinasýningu safnsins, þar sem er gott yfirlit yfir íslenskar steintegundir og bergtegundir.

Spendýrum og fuglum eru gerð góð skil. Þegar inn er komið er gestum heilsað af blöðruselsbrimli og hvítabjörninn er ekki langt undan, umkringdur selum, refum, minkum og fuglum. Á fuglasýningunni eru yfir 160 tegundir fugla.

Gamla smiðjan á Þingeyri


Gamla smiðjan á Þingeyri, sem er bæði eldsmiðja og vélsmiðja, er ein elsta smiðja landsins. Hún er í upprunalegu horfi og ennþá notuð. Gestum er velkomið að líta inn og sjá vélsmíði eins og hún var á fyrri hluta liðinnar aldar og jafnvel fyrr.

Gallerí Slunkaríki á Ísafirði

Slunkaríki er eitt elsta myndlistargallerí á landinu og jafnframt eitt hið virtasta. Lögð er áhersla á að sýna framsækna myndlist og verk ungra myndlistarmanna en sýningar eru um tólf á ári.

Kört í Trékyllisvík

Minja- og handverkshúsið Kört í Trékyllisvík er byggt að mestu leyti úr rekaviði. Þar er mjög skemmtilegt lítið minjasafn, þar sem meðal annars eru til sýnis ýmsir fágætir gripir úr héraðinu og víðar allt frá miðöldum til okkar daga. Einnig er handverk heimafólks til sýnis og sölu, unnið úr ýmsum efnum úr náttúrunni, svo sem rekaviði, steinum, hvalbeinum og öðru.



Nokkrar vegalengdir

Reykjavík - Hólmavík	273 km
Reykjavík - Ísafjörður	
- um Bröttubrekku og Barðaströnd	457 km
- um Steingrímsfjarðarheiði	496 km
Reykjavík - Bjarkalundur	215 km
Reykjavík - Patreksfjörður	403 km

Frá Hólmavík

Árnes í Trékyllisvík	101 km
Bjarkalundur	
- um Tröllatunguheiði	50 km
Brú í Hrútafirði	115 km
Djúpavík	74 km
Drangsnes	37 km
Ísafjörður	224 km
Laugarhóll í Bjarnarfirði	30 km

Frá Ísafirði


Arnardalur	13 km
Bíldudalur	144 km
Bjarkalundur	
- um Barðaströnd	242 km
- um Ísafjarðardjúp	226 km
Bolungarvík	15 km
Bæir á Snæfjallaströnd	216 km
Djúpmannabúð í Mjóafirði	135 km
Flateyri	26 km
Flókalundur	116 km
Hnífsdalur	4 km
Hólmavík	224 km
Hvítanes við Djúp	74 km
Melgraseyri	195 km
Núpur í Dýrafirði	38 km
Patreksfjörður	
- um Barðaströnd	178 km
- um Bíldudal	172 km
Reykjanes við Djúp	172 km
Suðureyri	23 km
Súðavík	22 km
Vatnsfjörður við Djúp	164 km
Þingeyri	48 km

Frá Bjarkalundi

Búðardalur	61 km
Bæir á Snæfjallaströnd	88 km
Djúpmannabúð í Mjóafirði	93 km
Flókalundur	126 km
Hólmavík	
- um Tröllatunguheiði	50 km
Ísafjörður	
- um Barðaströnd	242 km
- um Ísafjarðardjúp	226 km
Króksfjarðarnes	17 km
Patreksfjörður	188 km
Reykhólar	15 km
Skriðuland í Saurbæ	26 km
Vatnsfjörður við Djúp	102 km

Frá Patreksfirði

Bíldudalur	28 km
Bjarkalundur	188 km
Breiðavík	49 km
Flókalundur	
- um Barðaströnd	61 km
- um Bíldudal	72 km
Flugvöllur á Sandodda	25 km
Hnjótur í Örlygshöfn	37 km
Ísafjörður	
- um Barðaströnd	178 km
- um Bíldudal	172 km
Látrabjarg	61 km
Saurbær á Rauðasandi	36 km
Tálknafjörður	16 km



Hefurðu séð Ísland?



ÍSLAND · SÆKJUM ÞAD HEIM

Ísland er sannkallað ferðamannaland – endalaussir
möguleikar til afþreyingar, alltaf eitthvað nýtt að sjá.
Hvernig væri að láta 2003 vera árið sem þú byrjaðir
að skoða Ísland?